

HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI

Hættumatsskýrsla greiningardeildar
ríkislögreglustjóra



Ríkislögreglustjóri



HRYÐJUVERKAÓGN Á ÍSLANDI

Hættumatsskýrsla greiningardeildar
ríkislögreglustjóra

Febrúar 2022

INNGANGUR

Frá því að greiningardeild ríkislögreglustjóra hóf starfsemi árið 2007 hefur reglulega verið lagt mat á hryðjuverkaógn í landinu og ítarlegar skýrslur um hryðjuverkaógn í nágrannalöndum og öðrum ríkjum Evrópu hafa verið unnar. Hin seinni ár hafa skýrslur þessar iðulega verið gerðar almenningi aðgengilegar.¹ Ennfremur vinnur greiningardeild ríkislögreglustjóra sérstakt áhættumat er varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eftir aðferðafræði og leiðbeiningum Framkvæmdahóps um varnir gegn peningaþvætti (e. Financial Action Task Force, FATF).² Að auki gerir greiningardeild ríkislögreglustjóra smærri skýrslur um afmarkaða þætti sem tengjast málefnum eftir þörfum hverju sinni.

Í umfjöllun greiningardeildar ríkislögreglustjóra um hryðjuverkastarfsemi í skýrslu þessari er einkum, líkt og hin fyrri ár, litið til þeirra upplýsinga sem Evrópulögreglan (e. Europol) birtir í árlegu áhættumati sínu undir heitinu; *Skýrsla um stöðu og þróun hryðjuverkastarfsemi innan ESB* (e. European Union Terrorism Situation and Trend Report, TE-SAT).³ Jafnframt er upplýsinga aflað frá Norðurlöndum, Bretlandi og Bandaríkjunum auk þess sem opnar heimildir eru nýttar.

Allt frá síðustu aldamótum hafa alþjóðleg hryðjuverkasamtök gengist fyrir fjöldadrápum og annars konar óhæfuverkum um víða veröld. Stríðshrjáð lönd eða ríki þar sem geisa heiftúðug átök eða borgarastyrjaldir svo sem Afganistan, Írak, Sýrland, Jemen og Sómalía eru nú sem fyrr helsti vettvangur hryðjuverkastarfsemi. Á slíkum svæðum eyðileggingar, lögleysu og veiks stjórnkerfis er meirihluti allra hryðjuverka framinn; skaðinn mestur og fórnarlömb flest.⁴

Uppgangur hryðjuverkasamtakanna Ríki íslams í Sýrlandi árið 2013 markaði ákveðin vatnaskil í alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og áhyggjur vöknudu hjá stjórnvöldum víða á Vesturlöndum m.a. vegna tengsla samtakanna við Evrópu þar sem fjöldi evrópskra ríkisborgara flyktist til átakasvæða Mið-Austurlanda í því skyni að leggja hryðjuverkasamtökunum lið. Um þessa þróun má lesa nánar í skýrslum greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá 2015 og 2017.

1. Skýrslu ársins 2021 má finna á heimasíðu lögreglunnar undir slóðinni <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/01/Haettumatsskyrsla-GRD-v.-hrydjuverka-2021.pdf>
2. Nálgastrá má áhættumat ársins 2021 vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka á slóðinni <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/03/Ahaettumat-2021-lokautgafa.pdf>.
3. Nálgastrá má nýjustu skýrslu Evrópulögreglunnar um hryðjuverkastarfsemi frá júnímánuði 2021 með því að smella á eftirfarandi hlekk: European Union Terrorism Situation and Trend report 2021 (TESAT) | Europol (europa.eu)
4. Sjá skýrslu Economics & Peace; GTI-2020-web-2.pdf (economicsandpeace.org)

Í skýrslum greiningardeildar ríkislögreglustjóra fyrir árin 2015–2019 var leitast við að skýra þá ógnarmynd sem ríkti víðast hvar á Vesturlöndum vegna starfsemi Al-Káida hryðjuverkasamtakanna og tilkomu Ríkis íslams (ISIS) í Sýrlandi og Írak. Enda frömdu fylgismenn samtakanna – öfgafullir íslamistar (jihadistar) – fjölda mannskæðra hryðjuverkaárása í ríkjum Evrópu á þessum árum. Í skýrslu ársins 2021 um hryðjuverkaógn var fjallað um aðferðafræði hryðjuverkamats og áhættuvísa ásamt sérstökum köflum um viðbúnaðargetu lögreglu á Íslandi, heimsfaraldur Covid-19 og áhrif hans á hryðjuverkaógn auk sérstaks kafla um fjármögnun hryðjuverka.

Í meðfylgjandi skýrslu er sjónum beint að þróun hryðjuverkastarfsemi undanfarin ár auk þess sem nokkuð er fjallað um þá ofbeldisfullu hugmyndafræði sem einkennir starfsemi öfgasinnaðra hópa. Í nýjustu skýrslu Evrópulögreglunnar segir forstjóri hennar, Catherine De Bolle, internetið gegna lykilhlutverki við dreifingu áróðurs hryðjuverkamanna: *„Í heimi, sem er orðinn töluvert stafrænni er nauðsynlegt að sporna gegn útbreiðslu ofbeldis- og hatursfullrar hugmyndafræði á netinu. Með því að miðla upplýsingum í rauntíma og nota nýjustu tækni ásamt öflugri vernd upplýsinga er unnt efla sameiginlega baráttu okkar gegn hryðjuverkum. Að endingu er það meginmarkmið löggæslu að berjast gegn ofbeldisfullri hugmyndafræði og öfgum í því skyni að bjarga mannlífum og lágmarka áhrif ofbeldis og árása á samfélag okkar og lýðræðislegt skipulag.“*⁵

5. European Union Terrorism Situation and Trend report 2021 (TESAT) | Europol (europa.eu)

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Samantekt	4
Skilgreiningar og skorður	5
Hryðjuverkaógn á Íslandi	7
Hryðjuverkaógn á Norðurlöndum	9
Danmörk	9
Herskáir íslamistar (d. militante íslamister)	11
Hægri-öfgasinnar (d. hægri-öfgasinnar)	11
Vinstri-öfgasinnar (d. venstreekstremister)	11
Landamæri	12
Færeyjar og Grænland	12
Noregur	13
Landamæri	13
Svíþjóð	14
Landamæri	15
Finland	15
Hættustig vegna hryðjuverkaógnar	15
Hryðjuverkaskýrsla Evrópulögreglunnar	16
Flokkun hryðjuverkaógnar	16
Áhættuþættir varðandi hryðjuverk	16
Tölfræði úr TE-SAT skýrslum	18
Hryðjuverkastarfsemi jíhadista (e. Jihadist terrorism)	20
Hryðjuverkastarfsemi hægri-öfgasinna (e. Right-wing terrorism)	22
Hryðjuverkastarfsemi vinstri-öfgasinna og stjórnleysingja (e. Left-wing and anarchist terrorism)	23
Hryðjuverkaógn í Bretlandi	24
Hryðjuverkaógn í Bandaríkjunum	24
Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi	25
Niðurstöður	26

Af áhættupáttum þeim sem sammerktir eru aukinni hryðjuverkaógn í ríkjum heims eru tveir helstir; annar er veikt réttarvörslukerfi og hinn er sá að stórir hópar innan samfélags séu beittir eða telji sig beitta alvarlegu misrétti. Í þróuðum ríkjum eru samfélagslegir þættir á borð við jaðarsetningu eða mismunun ákveðinna hópa tengdir við aukna hryðjuverkaógn. Á meðal þróunarríkja er ógn vegna hryðjuverka oft tengd trúarlegum átökum, ættbálkaerjum og spillingu.⁶

Í tvo áratugi hafa ríki Evrópu og Evrópusambandið unnið markvisst að því að sporna gegn hryðjuverkum. Á síðustu árum hafa ferðalög til átakasvæða verið bönnuð, eftirlit með einstaklingum sem grunaðir eru um að tengjast hryðjuverkastarfsemi hefur verið aukið, unnið hefur verið gegn áróðri öfgasinna bæði innan fangelsa og á internetinu t.d. hafa stórir samfélagsmiðlar verið hvattir til að vinna gegn slíkum áróðri, upplýsingamiðlun- og söfnun vegna hryðjuverkaógnar hefur verið aukið og styrkt líkt og TE-SAT skýrslur Evrópulögreglunnar eru til marks um. Auk þess hafa ríki Evrópu leitast við að styrkja ytri landamæri sín og alþjóðlega samvinnu gegn hryðjuverkum. Nú er svo komið að áhrif og umfang hryðjuverkastarfsemi innan ESB árin 2019-2021 eru marktækt minni en árin 2015-2018 og þakka má það m.a. aukinni áherslu á hryðjuverkavarnir.

Verulega hefur dregið úr getu alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka á borð við ISIS og Al-Kaída til að fremja eða stýra hryðjuverkum á Vesturlöndum. Tölfræði Evrópulögreglunnar síðustu misseri sýnir að yfirgnæfandi meirihluti skráðra tilvika hryðjuverka á Vesturlöndum voru unnin af einstaklingum sem beittu til þess einföldum vopnum, í sumum tilvikum voru ástæður óljósar og einhverjum tilvika hefur reynst erfitt að meta geðheilbrigði viðkomandi.

Í frjálsum og opnu samfélagi er nánast ógerningur að koma í veg fyrir handahófskenndar árásir einstaklinga með einföldum vopnum. Hins vegar hefur á undanliðnum árum ítrekað auðnast að koma í veg fyrir áætlanir þar sem tveir eða fleiri gerendur hafa skipulagt árásir gegn opinberum aðilum í því skyni að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í viðkomandi ríki. Í flestum tilvikum hryðjuverkaárása á Vesturlöndum eru gerendur staðfestir ríkisborgarar viðkomandi ríkis.

Árið 2020 létust 21 í hryðjuverkaárásum innan ESB samanborið við 151 árið 2015. Mannfjöldi innan ESB er talinn liggja nærri 448 milljónum.⁷ Tölfræðilega má því telja afar ólíklegt að einstaklingar verði fyrir handahófskenndri hryðjuverkaárás innan ESB.

Á undanförunum árum hefur internetið leikið æ stærra hlutverk varðandi innrætingu ofbeldisfullrar öfgahyggju og annarrar hryðjuverkastarfsemi. Hryðjuverkamenn nýta sér vefsíður m.a. til þess að safna saman efni sem veitir hugmyndafræðilegan innblástur, til að eiga í öruggum samskiptum eða jafnvel í

6. GTI-2020-web-2.pdf (visionofhumanity.org)

7. <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/2995521/11081093/3-10072020-AP-EN.pdf/d2f799bf-4412-05cc-a357-7b49b93615f1>

hagnýtum tilgangi t.d. með því að finna leiðbeiningabæklinga um sprengjuserð. Dæmi um starfsemi sem tengist hryðjuverkum á internetinu eru textar sem hvetja til hryðjuverka, leiðbeiningar um hvernig best sé að vinna hryðjuverk, myndskreið eða hljóðbrot sem sýna hryðjuverk eða sem lofsyngja starfsemi hryðjuverkasamtaka, hótanir gegn einstaklingum eða stofnunum t.d. á spjallrásum.

Auknar áhyggjur eru af vaxandi hægri-öfgahyggju víða um heim og stafar vaxandi hryðjuverkaógn af þeim sem hana aðhyllast. Sérstakar áhyggjur eru af innrætingu hægri-öfgahyggju hjá ungu fólki á netinu svo sem á samfélagsmiðlum og á spjallborðum tölvuleikja.

Í Noregi er það mat Öryggisþjónustu norsku lögreglunnar, PST, að heimsfaraldur Covid-19 hafi aukið enn á útbreiðslu ofbeldisáróðurs hægri-öfgasinna. Rökuðuðningur PST er sá að atvinnuleysi og fjárhagsáhyggjur í kjölfar heimsfaraldursins hafi aukið óvissu sem auk einangrunar hafi haft í för með sér að fólk verji meiri tíma á internetinu og þar af leiðandi muni einhverjir þeirra nota meiri tíma á vefsvæðum hægri-öfgasinna.⁸

Rannsóknir í Hollandi hjá National Coordinator for Counterterrorism and Security sýna að jihadistar nota internetið í því skyni að dreifa áróðri og aflu liðsmanna. Einnig geta hryðjuverkamenn nýtt internetið til að miðla upplýsingum sín ná milli. GRD telur hyggilegt að vanmeta ekki þátt internetsins þegar kemur að innrætingu ofbeldisfullrar öfgahyggju.

Á Norðurlöndum eru hryðjuverk afar fátið enda eru jöfnuður og almenn velsæld óvíða meiri, réttarvörslukerfið sterkt, traust almennt mikið á lögreglu og dómstólum, samfélag gagnsætt og spilling lítil.⁹ Þó er nokkur breytileiki í áhættuþáttum á milli Norðurlanda sem hefur áhrif á mat þeirra á ríkjandi hryðjuverkaógn. Á meðal þessara áhættuþátta eru m.a. fjöldi heimsnúinna vígamanna, fjöldi staðfesta öfgasinna, fjöldi þeirra er sæta afplánun vegna hryðjuverkastarfsemi og fjöldi einstaklinga sem eru undir virku eftirliti vegna hryðjuverkastarfsemi.

Ísland er um margt líkt frændrikjum sínum á meginlandinu þ.e.a.s. hér er jöfnuður mikill, traust á réttarvörslukerfinu þ.m.t. lögreglu og dómstólum mikið. Með öðrum orðum hinir undirliggjandi samfélagslegu þættir sem taldir eru vinna gegn hryðjuverkaógn eru sterkir á Íslandi. Auk þess er samfélag okkar fámennt, einsleitt og landfræðilega einangrað og að því leyti til eru líkindi mikil við færeyskt samfélag þar sem ógn vegna hryðjuverka er talin lítil.

Á hinn bóginn eru þeir áhættuþættir sem taldir eru mynda eða auka hryðjuverkaógn á hinum Norðurlöndum ekki til staðar á Íslandi. Ísland er herlaust,

8. Sjá hættumat PST 2021, bls .23: „...covid has created an atmosphere of uncertainty caused by factors such as unemployment and financial considerations. Social isolation means that more people spend time on the internet, and some of them go on to explore more extremist forums.“

9. CPI 2020: Western Europe & European Union - News - Transparency.org

Íslenskir ríkisborgarar hafa ekki haldið héðan í því skyni að berjast með hryðjuverkasamtökum svo vitað sé, hér hefur ekki verið unnið hryðjuverk, enginn hefur verið dæmdur hér á landi fyrir hryðjuverkastarfsemi og af þeim sökum eru hér hvorki heimsnúnir vígamenn né einstaklingar sem sæta afplánun vegna brota á hryðjuverkalöggjöfinni.

Með fyrirvara um ákveðinn þekkingarþrest vegna ónógrar frumkvæðislöggæslu er það staðreynd að íslenska lögreglan hefur ekki staðfestar upplýsingar um að hér á landi hafi myndast samfélög eða hópar sem aðhyllast ofbeldisfulla öfga-hyggju né heldur eru upplýsingar fyrirbyggjandi hjá lögreglu um hópa sem hafi bæði ásetning og getu til að vinna hryðjuverk hér á landi. Með þessu er þó ekki sagt að útilokað sé að unnið verði hryðjuverk á Íslandi því líkt og fram hefur komið er það ógjörningur í opnu og lýðræðislegu samfélagi að koma í veg fyrir handahófskenndar árásir einstaklinga sem af einhverjum sökum hatast við samfélagið eða samborgara sína. Hins vegar eru líkur á að slíkar árásir falli undir ákvæði um hryðjuverk taldar litlar.

Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 segir svo um hryðjuverk: „Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnámalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar.“ Jafnframt segir: „Sömu refsingu skal sá sæta sem í sama tilgangi hótar að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr.“¹⁰

Í lögnum er einnig fjallað sérstaklega um hvatningu og stuðning við hryðjuverk: „Hver sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“¹¹

Í þessari skýrslu verður ekki fjallað sérstaklega um fjármögnun hryðjuverka enda er fjallað um hana í sérstöku áhættumati greiningardeildar ríkislögreglustjóra sem birt er á tveggja ára fresti. Um fjármögnun hryðjuverka segir í almennum hegningarlögum nr. 19/1940: „Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagn eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi allt að 10 árum.“¹²

Íslensk stjórnvöld eru ennfremur skuldbundin af alþjóðasamningum, -löggjöf og -samstarfi til að sporna gegn hryðjuverkastarfsemi. Upplýsingar um slíka samninga, lög og samstarf má m.a. finna á vef stjórnarráðsins.^{13 14}

Í árlegri skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um utanríkis- og alþjóðamál árið 2021 kemur fram að: „Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 28 ríkjum, auk hryðjuverkasamtaka, vegna netárása, efnavopna og alvarlegra mannréttindabrota, en stofnreglugerð vegna hinna síðarnefndu var sett í apríl síðastliðnum. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Ísland hefur þannig heimildir til þess að bregðast við og samhæfa aðgerðir þegar ákveðið er að grípa til þvingunaraðgerða af líkt þenkjandi samstarfsríkjum í því skyni að bregðast við brotum og standa vörð um sameiginleg gildi á alþjóðavettvangi.“¹⁵

10. Almenn hegningarlög nr. 19/1940, 100. gr. a.

11. Almenn hegningarlög nr. 19/1940, 100. gr. c.

12. Almenn hegningarlög nr. 19/1940, 100. gr. b.

13. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/althjodasamningar/samningar-og-samstarf-um-hrydjuverkamal-og-skyld-mal/#2-European-Anti-Terrorism-related-Conventions-and-Protocols-18-%C2%A0>

14. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/hrydjuverkamal/>

15. https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Utanrikisraduneytid/PDF-skjol/Sky%cc%81rs-la%20ra%cc%81%3%b0herra%202021_WEB.pdf

Innan Evrópusambandsins gildir m.a. tilskipun ESB 2017/541 um baráttu gegn hryðjuverkum, sem öllum aðildarríkjum ESB var skylt að innleiða í landslög sín fyrir 8. september 2018. Þar er skilgreint að hryðjuverk teljist ákveðinn verknaður unninn af ásetningi sem, miðað við eðli eða samhengi, getur skaðað ríki eða alþjóðasamtök þegar hann er framinn með það að markmiði að: „a) ógna almenningi alvarlega, eða b) neyða stjórnvöld eða alþjóðastofnanir með óeðli- legum hætti til að framkvæma eða láta hjá líða að framkvæma eitthvað, eða c) skapa alvarlegan óstöðugleika eða eyðileggja grundvallar pólitíska, stjórnskipu- lega, efnahagslega eða félagslega uppbyggingu ríkis eða alþjóðastofnunar.“¹⁶

Skýrsla Evrópulögreglunnar um stöðu og þróun hryðjuverkastarfsemi innan ESB, TE-SAT, endurspeglar mismunandi löggjöf aðildarríkja ESB varðandi hryðjuverk. Í skýrslu Evrópulögreglunnar teljast ofbeldisatvik sem flokkuð eru af innlendum yfirvöldum sem hryðjuverk sem hryðjuverkaárásir.¹⁷ Þannig er aðildarríkjum skapað visst svigrúm við túlkun sína á rás atburða þótt í gildi sé evrópsk skilgreining á hugtakinu „hryðjuverk“.

Jafnframt segir í TE-SAT skýrslunni að ekki sé til staðar alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hugtakinu „öfgahyggja“ (e. Extremism) þó megi segja að öfgasinnar stefni almennt að því að víkja til hliðar hinu frjálsslynda lýðræðislega skipulagi og breyta stjórnarskrárbundnum grundvallarlögmálum því tengdu. Því megi líta á hryðjuverkastarfsemi sem ofbeldisfullar aðgerðir sem einkum sé beitt af öfga- sinnum.¹⁸

16. Í tilskipun ESB 2017/541 stendur: „Member States shall take the necessary measures to ensure that the following intentional acts, as defined as offences under national law, which, given their nature or context, may seriously damage a country or an international organisation, are defined as terrorist offences where committed with one of the aims listed in paragraph 2” og markmiðin sem vísað er til eru: „The aims referred to in paragraph 1 are: (a) seriously intimidating a population; (b) unduly compelling a government or an international organisation to perform or abstain from performing any act; (c) seriously destabilising or destroying the fundamental political, constitutional, economic or social structures of a country or an international organisation.“ Sjá vefslóðina; <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=celex%3A32017L0541>

17. „The TE-SAT reflects EU Member States’ definitions of terrorist offences according to national legislation. In the statistics, violent incidents that are classified by national authorities as terrorism are counted as terrorist attacks.“ Sjá TE-SAT skýrslu Evrópulögreglunnar 2021, bls 108, European Union Terrorism Situation and Trend report 2021 (TESAT) | Europol (europa.eu)

18. Sjá TE-SAT 2021, bls. 10-11: „While there is no universally agreed definition of extremism, extremists generally aim to replace the liberal democratic order and alter the fundamental constitutional principles linked to it. Terrorism, therefore, can be considered to be a set of violent tactics employed mainly by extremists.“

Greiningardeild ríkislögreglustjóra telur að almennt séu litlar líkur á að hryðjuverk verði framið á Íslandi. **Hættustig vegna hryðjuverka er metið lágt.** Ekki eru fyrirbyggjandi sérstakar upplýsingar um hættu á hryðjuverkum né almennt talin sérstök ástæða til að auka viðbúnað lögreglu. Hættustig byggir á mati á ógn sem talin er geta stafað af mannavöldum.

Árið 2021 voru engar upplýsingar fyrirbyggjandi hjá lögreglu sem bentu til þess að hér á landi væru starfandi skipulagðir hópar sem aðhyllast öfgafulla hugmyndafræði og hefðu bæði ásetning og getu til að skipuleggja og framkvæma hryðjuverk. Lögregla hefur ekki upplýsingar um að hér á landi hafi myndast samfélög sem styðja við eða fóstura ofbeldisfulla öfgahyggju.

Við mat á hættu vegna hryðjuverka verður þó ekki framhjá því litið að lögregla telur ákveðna veikleika vera til staðar varðandi varnir gegn hryðjuverkum. Þeir veikleikar snúa sér í lagi að þekkingarbresti (e. intelligence gap) sem kemur til af ónógri frumkvæðislöggæslu.

Horft til þeirra áhættuvísa sem Evrópulögreglan notar til að leggja mat á hryðjuverkaógn og taldir eru upp í kaflanum *Hryðjuverkaógn innan Evrópusambandsins* er það niðurstaða greiningardeildar, á grundvelli þess sem rakið er í skýrslu þessari, að hryðjuverkaógn á Íslandi sé lítil og hættustig vegna hryðjuverkaógnar teljist **lágt**.

Ísland telst öruggasta land í heimi árið 2021 samkvæmt hinni þekktu vísitölu Global Peace Index.¹⁹ Hefur svo verið allt frá árinu 2008. Ísland telst einnig öruggasta land í heimi árið 2021 í úttekt tímaritsins Global Finance.²⁰ Framan- greindar upplýsingar eru í samræmi við niðurstöður kannana sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur mörg undanliðin ár unnið í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og snúa m.a. að öryggistilfinningu íbúa og trausti þeirra til lögreglu.²¹ Með öðrum orðum Ísland er friðsælt og öruggt land bæði í hugum landsmanna sjálfrá sem og erlendra aðila er meta öryggismál á alþjóðavísu. Friðsælt samfélag dregur úr líkum á að umhverfi myndist þar sem ofbeldisfull öfgahyggja nær fótfestu. Mikil verðmæti eru fólgin í því að búa við öryggi og frið. Það er því brýnt að búa svo um hnúta að ekki myndist frjór jarðvegur fyrir ofbeldisfulla öfgahyggju hér á landi. Í því samhengi er mikilvægt að huga að jaðarsettum hópum samfélagsins og mikilvægi þess að tryggja velferð, afkomu og virka samfélagsþátttöku þeirra einstaklinga sem þeim tilheyra.

Í skýrslu áströlsku hugveitunnar, Stofnun um Hagfræði og Frið (e. *Institute for Economics and Peace*), um áhrif hryðjuverka (Global Terrorism Index 2020, GTI-2020) sem birt var í nóvembermánuði 2020 er það mat hugveitunnar að hryðjuverk hafi ekki haft mælanleg áhrif á Íslandi.²²

19. <https://www.visionofhumanity.org/maps/#/>

20. <https://www.gfmag.com/global-data/non-economic-data/safest-countries-world>

21. [Reynsla-landsmanna-af-afbrotum-og-oryggi-ibua-2020-spurt-2020.pdf](#) (logreglan.is)

22. [GTI-2020-web-2.pdf](#) (economicsandpeace.org)

Í öryggismati OSAC, sem er samstarfsvettvangur bandaríska utanríkisráðuneytisins og einkaaðila e. *public-private partnership*, þar sem m.a. fer fram greining á öryggi bandarískra sendiráða erlendis, kemur fram að bandaríska utanríkisráðuneytið meti hryðjuverkaógn sem beinist gegn opinberum bandarískum hagsmunum í Reykjavík sem lága.^{23 24}

Hættan á að alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi teygi anga sína til Íslands getur sprottið af utanaðkomandi þáttum sem tengjast fyrirætlunum hryðjuverkasamtaka öfgasinnaðra íslamista (jíhadista) eða stuðningsmanna þeirra til að gera árásir gegn vestrænum löndum. Ísland telst ekki beint skotmark hryðjuverkasamtaka á borð við Ríki íslams (ISIS) og Al Kaída eða ofbeldisfullra öfgahópa sem styðja málstað þeirra. Hins vegar, gæti aðild Íslands að varnarsamstarfi NATO og önnur þátttaka á alþjóðlegum vettvangi sem beinist gegn hryðjuverkasamtökum nægt til þess að réttlæta árás jíhadista. Jíhadistar og stuðningsmenn öfgafullrar hugmyndafræði nýta sér ferðafrelsi innan Schengen-svæðisins og því er hugsanlegt að hryðjuverkamenn notfæri sér Ísland sem gegnumstreymisland, til að leynast eða í því skyni að skipuleggja árásir gegn öðrum löndum. Íslenskir ríkisborgarar geta orðið handahófskennd fórnarlömb hryðjuverkaárása erlendis svo sem á ferðamannastöðum eða í öðru almannarými einkum í ríkjum þar sem hryðjuverkasamtök eru virk.

Vert er að ítreka að greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur jafnan lagt á það áherslu í skýrslum sínum um hryðjuverkaógnina að forðast beri að hrapa að ályktunum um mögulega ógn af völdum hópa og sökum trúarofstækis. Slík ógn kann ekki síður að stafa af einstaklingum, innlendum sem erlendum, og þarf ekki að vera bundin við trúarbrögð. Hryðjuverkaógnin einskorðast ekki við þjóðerni og tilteknir þjóðfélagshópar verða ekki gerðir ábyrgir fyrir gjörðum einstaklinga sem tilheyra þeim. Skotmörk og aðferðir hryðjuverkamanna taka breytingum og starfsemi þeirra virðir ekki landamæri. Alþjóðlegt samstarf verður æ mikilvægara í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni sem ekkert vestrænt ríki getur talist algjörlega óhult fyrir.

Á síðustu misserum hafa stjórnvöld styrkt lagaumgjörð löggæslu á Íslandi má hér nefna rýmkun heimilda í reglum um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Jafnframt hafa verið settar skýrari heimildir fyrir lögreglu til samstarfs innanlands; við önnur stjórnvöld, stofnanir og félagasamtök. Auk þess hafa heimildir lögreglu til samstarfs við erlend lögregluþyrirvöld og alþjóðastofnanir verið skýrðar og auknar.

Mikið starf hefur verið unnið á sviði landamæraöryggis síðustu misseri og í burðarliðnum eru margar aðgerðir sem auka munu öryggi á landamærum meðal þeirra má nefna innleiðingu snjalltækni við landamæraeftirlit með sjálfvirkum

23. OSAC

24. Iceland 2020 Crime & Safety Report (osac.gov) „The U.S. Department of State has assessed Reykjavík as being a LOW-threat location for terrorism directed at or affecting official U.S. government interests.“

landamærahliðum (e. Smart Border Systems) og innleiðingu evrópska farþega- og ferðaupplýsingakerfisins ETIAS (e. European Travel Information and Authorization System).²⁵ Einnig er unnið að innleiðingu áhættugreiningar við landamærastjórnun og eftirlit, Common Integrated Risk Analysis Model, CIRAM sniðmát Landamærastofnunar Evrópu verður notað við þá innleiðingu.²⁶

Í fjárlögum ársins 2022 er gert ráð fyrir fjármagni til að innleiða komu- og brottfararkerfi á Keflavíkurflugvelli og fjölga landamæravörðum. Covid-19 faraldurinn hefur dregið verulega úr fjölda þeirra ferðamanna sem sækja landið heim. Sú staðreynd auk þess sem takmarkanir vegna Covid-19 hafa í raun gert að verkum að allir sem til landsins koma sæta meira eftirliti og skráningu en ella.

Landamæraeftirlit og farþegagreining hefur einnig verið styrkt verulega t.d. með stofnun landamæradeildar ríkislögreglustjóra. Jafnframt hefur samvinna tollgæslu og löggæslu verið aukin með stofnun sameiginlegrar farþegaupplýsingadeildar lögreglu og tollgæslu.

Með aukinni sjálfvirkni og betri tæknibúnaði, skilvirkari samvinnu toll- og löggæslu auk innleiðingar viðurkenndra aðferða við áhættugreiningar og fjölgunar landamæravarða, eru stjórnvöld að skjóta styrkari rótum undir eftirlit á landamærum Íslands.

Upptaka tímabundins landamæraeftirlits í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og styrking landamæravörslu hér á landi er til þess fallið að draga úr hryðjuverkaógn.

25. ETIAS - European Travel Information and Authorisation System (schengenvisa.info.com)

26. CIRAM (europa.eu)

Greiningardeild ríkislögreglustjóra telur eðlilegt að horfa nokkuð til annarra Norðurlanda við mat á hryðjuverkaógn. Ekki er þó með þessu sagt að ríkjandi ógnarmynd á Norðurlöndum eigi við á Íslandi enda eru samfélög Norðurlanda um margt ólík því íslenska t.a.m. hvað varðar mannfjölda, stærð trúarhópa, samgöngur og landamæri. Mat norrænna löggæslustofnana á öryggisógninni er um flest sambærilegt þó eðlilega gæti mismunar á milli landa eftir aðstæðum. Mat þeirra fer jafnframt í öllum meginatriðum saman við greiningar Evrópulögreglunnar. Almennt er litið svo á að öfgafullir íslamistar séu alvarlegasta öryggisógnin á Norðurlöndum með tilliti til hryðjuverka og að hryðjuverkaógn vegna hægri-öfgasinna komi þar á eftir.

Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru til staðar samfélög öfgasinna, þar hafa verið unnin hryðjuverk og þar hafa einstaklingar verið dæmdir fyrir hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi og ýmist sæta afplánun eða hafa lokið fangelsisvist. Frá þessum ríkjum hefur fjöldi manna haldið til átakasvæða til að berjast með hryðjuverkasamtökum og sumir þeirra eru heimsnúnir. Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi sæta hundruð einstaklinga eftirliti löggæsluyfirvalda sökum hryðjuverkaógnar. Í Danmörku og Svíþjóð hafa komið upp mál til dæmis teikni-myndamál Kurt Westergaards og Lars Vilks sem hafa vakið mikla reiði íslamista um veröld víða. Norski og danski herinn hafa verið staðsettir á átakasvæðum í ríkjum múslima. Í Noregi var hryðjuverk hægri-öfgasinna unnið þann 22. júlí 2011 þegar Anders Behring Breivik sprengdi öflugan sprengju í stjórnarráðshverfi Óslóar og framdi svo fjöldamorð á Útey; 77 manns létu lífið í þessum árásum. Þessir þættir hafa m.a. bein áhrif á mat viðkomandi ríkja Norðurlanda á hryðjuverkaógn.

Danir hafa glímt við hryðjuverkastarfsemi herskárra íslamista um alllangan tíma. Árið 2005 birti Jótlandspósturinn hinar umdeildu Múhameðsteikningar og í kjölfar þess brutust víða út mótmæli í hinum íslamska heimi og í ríkjum þar sem öfluga minnihlutahópa múslima er að finna. Í kjölfarið komu fram líflátshótanir gegn starfsmönnum blaðsins og hryðjuverk voru skipulögð og framkvæmd með vísan til teikninganna. Hryðjuverkasamtökin Al Kaída nýttu sér teiknimyndamálið í áróðursskyni m.a. til að afla liðsmanna frá Vesturlöndum. Frjálsa alfræðiritið Wikipedia og bandaríska stórblaðið New York Times halda úti sérstökum vefsiðum þar sem finna má hundruð greina varðandi danska teiknimyndamálið og víðtæk áhrif þess.^{27 28}

Árið 2017 var einstaklingur handtekinn í Danmörku fyrir meint smygl á drónum, íhlutum í dróna og innrauðum myndavélum til ISIS samtakanna í Sírlandi og Írak í gegnum Tyrkland. Árið eftir voru tveir einstaklingar til viðbótar handteknir vegna kaupa á drónum sem grunur lék á að væru ætlaðir ISIS.²⁹ Síðla árs 2019 voru 20 manns handteknir vegna gruns um að skipuleggja hryðjuverk, dönsk stjórnvöld lýstu því að herská íslömsk hugmyndafræði lægi að baki hryðjuverkastarfsemi þessara einstaklinga.³⁰ Margir þeirra handteknu voru síðar látnir lausir en þrjár ákætur komu fram í kjölfar handtökunnar, einn hefur þegar verið dæmdur.^{31 32 33} Í aprílmánuði 2020 var einstaklingur handtekinn vegna gruns um að skipulagningu hryðjuverks sem runnið væri af rötum hugmyndafræði herskárra íslamista.³⁴ Í febrúarmánuði 2021 handtók danska lögreglan í náinni samvinnu við þýsku lögregluna 14 einstaklinga sem grunaðir voru um að skipuleggja hryðjuverk í Danmörku og/eða Þýskalandi, 13 voru handteknir í Danmörku og einn í Þýskalandi.³⁵ Mörg önnur mál sem tengjast hryðjuverkastarfsemi og fjármögnun hryðjuverka eða annars konar stuðningi við hryðjuverkasamtök hafa komið til kasta danska réttarvörslukerfisins undanfarinn áratug. Dönsk stjórnvöld innleiddu breytingar á hryðjuverkalöggjöfinni í tveimur þrepum, fyrst árið 2002 eftir árásina á tvíburaturnarna og síðan árið 2006 eftir teiknimyndamálið. Frá árinu 2007 hafa 52 einstaklingar verið dæmdir vegna brota gegn hryðjuverkalöggjöf í Danmörku þar af tengjast 40 þeirra herskáum íslamisma en 12 manns vinstri-öfgasinum.

Í Danmörku er starfrækt Miðstöð stafræns öryggis, Center for Cybersikkerhed, og birtir hún árlega áhættumat vegna stafrænna ógna. Í skýrslu ársins 2021 er ein af meginniðurstöðum miðstöðvarinnar sú að ógn vegna stafrænna hryðjuverka sé engin (d. Ingen). Er það mat miðstöðvarinnar að geta hryðjuverkasamtaka

27. Jyllands-Posten Muhammad cartoons controversy - Wikipedia

28. Danish Cartoon Controversy - The New York Times (nytimes.com)

29. Tre mænd tiltalt for at udstyre Islamisk Stat med droner | Anklagemyndigheden

30. Politiaktion i 2019 resulterede i flere terrrorsager (berlingske.dk)

31. To mænd og en kvinde tiltalt for at planlægge terrorangreb | Anklagemyndigheden

32. Politiaktion i 2019 resulterede i flere terrrorsager (berlingske.dk)

33. To mænd tiltalt for at planlægge terrorangreb | Anklagemyndigheden

34. 24-årig tiltalt for at planlægge terrorangreb | Anklagemyndigheden

35. 14 anholdt i stor antiterroraktion – mistænkt for at planlægge angreb med våben og sprængstof (berlingske.dk)

til að framkvæma slíkar árásir sé ekki fyrir hendi og ásetningur sömuleiðis takmarkaður.³⁶

Miðstöð hryðjuverkagreininga í Danmörku (Center for Terroranalyse, CTA) birtir reglubundið ógnarmat vegna hryðjuverka í Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Miðstöðin tók til starfa 2007 og hefur á að skipa föstu starfslíði frá leyniþjónustu hersins, öryggisþjónustu lögreglunnar (Politiets Efterretningstjeneste, PET), danska utanríkisráðuneytinu og almannavörnum. Miðstöðin hefur aðgang að upplýsingum frá þessum fjórum stofnunum og heyrir stjórnarsýslulega undir PET.

Hættustig í Danmörku er nú metið í fjórða þrepi á fimm stiga kvarða. CTA aðlagði/breytti skilgreiningum vegna hættustiga hryðjuverkaógnar í skýrslu ársins 2021.³⁷ Fyrir breytinguna voru stigin í fimm þrepum; 5) meget alvorlig, 4) alvorlig, 3) generel, 2) begrænset og 1) ingen. Árið 2021 var neðsta stiginu (stigi 1) breytt úr „ingen“ í „minimal“. Breytingin hafði ekki áhrif á hættustig Danmerkur og er það eftir sem áður í fjórða þrepi af fimm; *alvarleg ógn*. Hryðjuverkaógnin í Danmörku telst því áfram alvarleg sem þýðir að vitað er að einstaklingar búi yfir getu, vilja og áformum til að fremja hryðjuverk í Danmörku.

Herskáir íslamistar (d. militante íslamister)

Mat CTA er að hryðjuverkaógnin í Danmörku stafi einkum af herskáum íslamisma. CTA skilgreinir herskáan íslamisma sem þá öfgasinnuðu hugmyndafræði að telja ofbeldi lögmætt sé því beitt til að ná fram pólitískum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum markmiðum. Hryðjuverkaógn stafi meðal annars frá einstaklingum búsettum í Danmörku sem aðhyllist slíka hugmyndafræði eða séu undir áhrifum áróðurs hryðjuverkasamtaka á borð við Al-Kaída og ISIS.

Ennfremur telur CTA að atvik innan Danmerkur sem túlka megi sem móðgun við íslamstrú geti orðið herskáum íslamistum hvatning til árása þar í landi. Nefnir miðstöðin að Al-Kaída á Arabíuskaga (AQAP, Al Qaida in the Arabian Peninsula; samtök tengd Al-Kaída) hafi í áróðri sínum kallað eftir árásum á nafngreinda danska „brotamenn“ (d. „krænkere“) sem móðgað hafi íslam.

Heimsnúnir vígamenn eru einnig áhættuþáttur að mati CTA. Miðstöðin telur að um 160 einstaklingar hafi haldið frá Danmörku í því skyni að berjast með hryðjuverkasamtökum í Mið-Austurlöndum (Sýrlandi/Írak) og hafi um helmingur þeirra snúið heim til Danmerkur eða dveljist í öðru ríki innan eða utan Evrópu.

Að mati Miðstöðvar hryðjuverkagreininga Danmerkur er líklegast að einstaklingar eða litlir hópar innblásnir af áróðri ofbeldisfullra íslamista gangist fyrir hryðjuverkaárásam í Danmörku og beiti einföldum aðferðum og vopnum sem auðvelt er að komast yfir. Líklegast sé að viðkomandi tilheyri dönsku samfélagi þ.e. komi úr öfgasinnuðu umhverfi innan Danmerkur.

36. Jyllands-Posten Muhammad cartoons controversy - Wikipedia

37. Danish Cartoon Controversy - The New York Times (nytimes.com)

Í skýrslu CTA er bent á að fjöldi hryðjuverkaárása á Vesturlöndum sé marktækt minni árið 2020 heldur en raunin var á árunum 2015-2017 og að barátta Vesturlanda gegn hryðjuverkaógninni hafi veikt forystu Al-Kaída og ISIS og minnkað getu þeirra til að standa fyrir umfangsmiklum hryðjuverkaárásum á Vesturlöndum.

Hægri-öfgasinnar (d. hægri-öfgasinnar)

Miðstöð hryðjuverkagreininga í Danmörku, CTA, metur hættuna af hryðjuverkum hægri-öfgasinna á stigi þrjú af fimm eða generel. Samkvæmt skilgreiningum PET merkir þetta að vitað er um getu og/eða ásetning til að fremja hryðjuverk auk þess sem hugsanlega er unnið að skipulagningu hryðjuverks. Líklegast þykir að einstaklingur eða lítill hópur manna skipuleggi/fremji slíkt ódæði og noti til þess vopn sem auðvelt er að komast yfir eða jafnvel skotvopn. CTA segir ógnina fyrst og fremst stafa af einstaklingum eða litlum hópum sem hittist í „sýndar-samfélögum á internetinu“ og ánetjist þar hægri-öfgahyggju, hljóti innrætingu og sæki þangað innblástur. Talið er að árásir hægri-öfgasinna beinist helst gegn múslimum, innflytjendum, gyðingum, einstaklingum sem ekki eru etnískir Danir auk þeirra staða sem tengjast fyrrgreindum minnihlutahópum. Önnur hugsanleg skotmörk að mati CTA eru pólitískir andstæðingar sér í lagi vinstri-öfgasinnar og stjórnmalafólk sem viðrar skoðanir er ganga gegn hægri-öfgahyggju. Að síðustu nefnir CTA í þessu samhengi að LGBTQ+ fólk geti verið hugsanlegt skotmark hægri-öfgasinna. CTA tekur fram að hryðjuverk hægri-öfgasinna í Danmörku séu marktækt færri árið 2020 en þau voru árið 2019.

Vinstri-öfgasinnar (d. vinstri-öfgasinnar)

Hryðjuverkaógn af völdum vinstri-öfgasinna er á hættustigi tvö af fjórum eða begrænset að mati CTA. Samkvæmt skilgreiningum PET merkir það að til staðar sé hugsanleg ógn og takmörkuð geta eða ásetningur. Mesta ógnin er af einstaklingum eða litlum hópum sem aðhyllast vinstri-öfgahyggju. CTA telur líklegast að einföldum vopnum sem eru almennt aðgengileg yrði beitt í slíkri árás. Líklegustu skotmörk vinstri-öfgasinna eru tákmyndir og talsmenn ríkisvalds og sér í lagi lögreglan og lögreglumenn. Önnur hugsanleg skotmörk eru einstaklingar sem tengjast hægri-öfgahyggju og einnig, þó taldar séu á því minni líkur, ákveðnir stjórnmalamenn eða opinberir talsmenn sem teljast pólitískir andstæðingar þ.m.t. listamenn og álitsgjafar.

Landamæri

Dönsk stjórnvöld halda uppi tímabundnu eftirliti á innri landamærum sínum samkvæmt greinum 25-27 í reglugerð Evrópuþingsins um för yfir landamæri nr. 2016/399 (e. Schengen Borders Code).³⁸ Tímabundið landamæraeftirlit Danmerkur framlengdist þann 12. nóvember 2021 og mun vara í sex mánuði frá þeim degi.

38. Regulation (EU) 2016/ of the European Parliament and of the Council of 9 March 2016 on a Union Code on the rules governing the movement of persons across borders (Schengen Borders Code) (europa.eu)

Danmörk hefur undanfarin ár haldið uppi tímabundnu eftirliti á innri landamærum sínum og talið nauðsynlegt að halda uppi öflugum eftirliti á innri landamærum. Rökstuðningur danskra stjórnvalda fyrir upptöku og áframhaldi slíks eftirlits er sá að þær aðstæður sem orsökuðu aðgerðirnar upphaflega séu enn til staðar og nýjar öryggisógnir hafi bæst við. Upphafleg ástæða aðgerðanna var mikill fjöldi útlendinga í áframhaldandi för (e. Secondary Movement) sem komu inn á Schengen-svæðið um ytri landamæri Grikklands eftir að hafa flúið stríðsátök í Sýrlandi og Írak.³⁹

Dönsk stjórnvöld telja að stöðug og umtalsverð ógn sé við almannaoöryggi í Danmörku og innra öryggi danska ríkisins vegna þess að herskáir íslamistar og einstaklingar er tengjast skipulagðri brotastarfsemi hagnýti sér frjálsa för innan Schengen-svæðisins.

Aukinn viðbúnaður danskra stjórnvalda vegna eftirlits á landamærum miðast helst við landamæri Danmerkur við Þýskaland á landi, Eyrarsundsbrúna sem tengir saman Svíþjóð og Danmörku auk ferjuhafna sem tengjast siglingum að og frá Þýsklandi og Svíþjóð.⁴⁰

39. Skýrsla domsmálaráðherra um Schengen samstarfid.pdf (stjornarradid.is)

40. Temporary Reintroduction of Border Control (europa.eu)

Í skýrslu CTA sem birt var í marsmánuði 2021 er hryðjuverkaógnin í Færeyjum metin sem „minimal“ þ.e. í lágmarki.^{41,42} Hvorki sé til staðar ásetningur né geta til að framkvæma hryðjuverk og engar upplýsingar fyrirbyggjandi um hryðjuverkaógn sem beinist gegn færeysku samfélagi. Tekið er fram að sá möguleiki sé fyrir hendi að til eyjanna ferðist einstaklingar sem hyggist beita ofbeldi í nafni öfga-sinnaðrar hugmyndafræði eða að áróður ofbeldisfullrar hugmyndafræði nái að innræta einhverja íbúa. Þar segir ennfremur að móttækilegastir fyrir slíkum áróðri séu ungmenni í viðkvæmri stöðu og einstaklingar er tilheyri jaðarsettum hópum.⁴³

Hryðjuverkaógnin fyrir Færeyjar og Grænland var fyrir breytingu hættustiga CTA í öðru þrepi; *takmörkuð ógn*. Breyting CTA á skilgreiningu hættustiga árið 2021 var í því fólgin að breyta heiti fyrsta þreps frá „ingen“ eða engin ógn í „minimal“ eða lágmarks ógn án þess þó að breyta þeim viðmiðum/forsendum sem liggja til grundvallar hættustiganna. Við þessa breytingu færðust þó bæði Grænland og Færeyjar úr öðru þrepi (begrænset) í hið fyrsta (minimal) en Danmörk stendur eftir sem áður í fjórða þrepi (alvorlig). Með þessari breytingu á skilgreiningu hættustiga lækkuðu löndin tvö um þrep þrátt fyrir að eðli ógnarinnar væri hið sama.⁴⁴

41. 2021VTDEngpdf.ashx (pet.dk)

42. 2021VTDDApdf.ashx (pet.dk)

43. Ibid. Sjá bls. 44: „Terrortruslen mod Færøerne er minimal. Det betyder i henhold til PET's definitioner, at der ikke er nogen indikationer på en trussel. Der er ikke erkendt kapacitet eller hensigt. Som i Grønland er militant islamisme mindre udbredt på Færøerne end i Danmark. Militant islamistisk eller politisk ekstremistisk propaganda kan påvirke personer på Færøerne eller tilrejsende til at begå voldelige handlinger. Dette kan være udløst af politiske enkeltsager som fx dyrevelfærd. Socialt marginaliserede og sårbare unge kan være særligt modtagelige over for radikaliserings.“

44. Sjá bls. 44 í skýrslu CTA *Vurðing af terrortruslen mod Danmark*, mars 2021: „På baggrund af denne præcisering indplaceres henholdsvis Grønland og Færøerne i trusselsniveauet ”minimal” frem for ”begrænset”, uden at dette afspejler en ændring i trussels karakter.“

Öryggisþjónusta norsku lögreglunnar (PST) notar fimm þrepa skiptingu til lýsa hættu vegna hryðjuverkaógnar í Noregi.⁴⁵ Þrepin eru: 1) Ingen kjent terrortrussel, 2) Lav terrortrussel, 3) Moderat terrortrussel, 4) Høy terrortrussel og 5) Ekstraordinær trusselsituation. Í skýrslu ársins 2021 er hættustigið metið sem *Moderat*.⁴⁶

Í tilkynningu frá PST þann 17. júní 2021 segir að hugsanlegt (no. Muligt) sé að öfgasinnaðir íslamistar eða hægri-öfgasinnar fremji hryðjuverk í Noregi á næstu 18 mánuðum.⁴⁷ PST segir stöðuna varðandi öfgasinnaða íslamista hafa batnað frá fyrra ári og rólegra yfirbragð sé yfir öfgahópum íslamista í Noregi m.a. vegna þess að gagnrýnendur íslamstrúar í Noregi hafi haft sig lítt í frammi. PST telur að atvik sem túlka megi sem litilsvirðingu við íslamstrú sé einn af megindrifkröftum hryðjuverkaógnar í Noregi. Aðrir þættir sem kunna að magna upp hryðjuverkaógnina af völdum öfgasinnaðra íslamista í Noregi að mati PST eru: vera norska hersins í ríkjum múslima; að í landinu séu heimsnúnir vígamenn og að öfgasinnaðir íslamistar sæti afplánun. PST segir að þrátt fyrir að Noregur sé jaðarsettur á lista hryðjuverkasamtaka ISIS og Al-Kaída sé Noregur engu að síður helsta skotmark þeirra öfgasinnuðu íslamista sem þar búa.

PST telur hugsanlegt (no. Muligt) að hægri-öfgasinnar fremji hryðjuverk í Noregi. Sú ógn stafi fyrst og fremst af einstaklingum sem ánetjist öfgasinnuðum áróðri á stafrænum miðlum. Æ fleiri mismunandi hugmyndafræðilegar ástæður liggja að baki hugsanlegum árásum hægri-öfgasinna s.s. gyðingahatur, múslimahatur, hatur á innflytjendum frá öðrum ríkjum en vestrænum og hatur á samfélagi LBGT fólks. PST telur að heimsfaraldur Covid-19 hafi aukið enn á útbreiðslu áróðurs hægri-öfgasinna. Það er að segja að atvinnuleysi og fjárhagsáhyggjur í kjölfar heimsfaraldursins hafi aukið óvissu sem auk einangrunar hafi haft í för með sér að fólk verji meiri tíma á internetinu og þar af leiðandi muni einhverjir þeirra nota meiri tíma á vefsvæðum hægri-öfgasinna.⁴⁸

PST telur afar litlar líkur (no. Svært Lite Sannsynligt) á að vinstri-öfgasinnar vinni hryðjuverk í Noregi.

Landamæri

Í Noregi var tímabundið eftirlit á innri landamærum framlengt samkvæmt greinum 25–27 í reglugerð Evrópuþingsins um för yfir landamæri nr. 2016/399 (e. Schengen Borders Code).⁴⁹ Tók sú ákvörðun gildi þann 12. nóvember 2021 og varir í sex mánuði frá þeim degi.

45. Terrortrusselen - nivåer (pst.no)

46. https://pst.no/globalassets/artikler/trusselvurderinger/nasjonal-trusselvurdering-2021/ntv_2021_fina_web_1802-1.pdf

47. Oppdatert terrortrusselvurdering: Trusselen fra ekstrem islamisme er ikke lenger skjerpet (pst.no)

48. Sjá hættumat PST 2021, bls. 23: „...covid has created an atmosphere of uncertainty caused by factors such as unemployment and financial considerations. Social isolation means that more people spend time on the internet, and some of them go on to explore more extremist forums.”

49. Regulation (EU) 2016/ of the European Parliament and of the Council of 9 March 2016 on a Union Code on the rules governing the movement of persons across borders (Schengen Borders Code) (europa.eu)

Norska ríkið hefur undanfarin ár haldið uppi tímabundnu eftirliti á innri landamærum sínum og talið nauðsynlegt að halda uppi öflugum eftirliti á þeim. Er það mat norskra stjórnvalda líkt og stjórnvalda í Danmörku og Svíþjóð að þær aðstæður sem orsökuðu hertar aðgerðir á landamærum upphaflega séu enn til staðar og nýjar öryggisógnir hafi bæst við. En líkt og áður var rakið í landamærakafli Danmerkur var upphafleg ástæða aðgerðanna sú að mikill fjöldi útlendinga í áframhaldandi för (e. Secondary Movement) kom inn á Schengensvæðið um ytri landamæri Grikklands eftir að hafa flúið stríðsátök í Sírlandi og Írak.⁵⁰

Ákvörðun norskra stjórnvalda um upptöku tímabundins eftirlits á innri landamærum hvílir á áhættugreiningu norsku öryggislögreglunnar um hættuna af hryðjuverkum í Noregi, sömuleiðis er litið til almennrar hryðjuverkaógnar innan Evrópusambandsins. Jafnframt er tekið tillit til hugsanlegrar ógnar vegna áframhaldandi farar (e. Secondary Movement) farandfólks til Noregs sem framvísi ekki fullnægjandi skilríkjum varðandi persónulega auðkenningu og skapi með þeim hætti ógn við innra öryggi norska ríkisins. Norska stjórnvöld telja að nýjasta áhættumat norsku öryggislögreglunnar frá árinu 2021 renni enn frekari stoðum undir þá ógn er talin er stafa af öfgasinnuðum íslamistum.⁵¹

Hert landamæraeftirlit norskra stjórnvalda nær til ferjuhafna sem tengjast siglingum að og frá Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi. Jafnframt byggist hið tímabundna eftirlit á landamærum á hættumati og hefur skilgreint umfang. Norska ríkið heldur einnig uppi auknu lögreglueftirliti á Viken-svæðinu við landamæri Svíþjóðar í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.⁵²

50. Skýrsla domsmálaráðherra um Schengen samstarfid.pdf (stjornarradid.is)

51. download-the-national-threat-assessment-2021-in-english.pdf (pst.no)

52. Temporary Reintroduction of Border Control (europa.eu)

Í Svíþjóð er starfrækt Miðstöð vegna mats á hryðjuverkaógn (sæ. Nationellt centrum för terrorhotbedömning, NCT) sem heyrir undir öryggislögregluna, SÄPO. Þar starfa sérfræðingar frá öryggislögreglunni, fjarskiptadeild hersins og leyni- og öryggisþjónustu hersins. Miðstöðin birtir mat á hryðjuverkaógn í Svíþjóð á hverju ári. Hættustig vegna hryðjuverkaógnar eru fimm talsins: 1) inget identiferað hot, 2) begränsað hot, 3) förhöjt hot, 4) högt hot og 5) mycket högt hot. Í mati ársins 2021⁵³ kemur fram að hættustig vegna hryðjuverkaógnar sé á þrepi þrjú af fimm þ.e. aukin hættu er talin á að hryðjuverk verði framið í Svíþjóð.

Í ársmati NCT 2021 segir að mesta hættan á hryðjuverkum stafi frá hægri-öfgasinum og herskáum íslamistum. Talið er hugsanlegt að fáeinir einstaklingar sem tilheyra öfgasinnuðu umhverfi innan Svíþjóðar þrói með sér getu og ásetning til að fremja hryðjuverk. Telur NCT að kæmi til þess að hryðjuverk yrði framið í Svíþjóð væri líklegast að gerandinn yrði einn að verki og notaðist við vopn sem auðvelt er að komast yfir.

Nú sem fyrr er það mat NCT að einkum stafi ógn af einstaklingum sem séu innblásnir af áróðri öfgasamtaka á borð við ISIS og Al-Kaída. Í skýrslu Miðstöðvar vegna mats á hryðjuverkaógn er fjallað sérstaklega um samfélög öfgasinna innan Svíþjóðar. Þar segir að umhverfi ofbeldisfullrar öfgahyggju myndi frjóan grundvöll fyrir hryðjuverkastarfsemi. NCT telur að hópur ofbeldisfullra íslamista sé líklega fjölmennastur af þeim ofbeldisfullu öfgahópum sem þekktir eru innan Svíþjóðar og að ofbeldisfullir hægri-öfgasinnar séu næststærsti hópurinn.

NCT bendir á að einstaklingar geti ánetjast öfgafullri hugmyndafræði á netinu t.d. á samfélagsmiðlum þar sem þeir geti myndað hópa þar sem fram fer innræting ofbeldisfullrar hugmyndafræði. Með stafrænum miðlum geta einstaklingar sem aðhyllast ofbeldisfulla hugmyndafræði á einfaldan hátt orðið hluti af alþjóðlegu neti og þannig öðlast tilfinningu fyrir að tilheyra samfélagi. Á slíkum vefsvæðum er hatursáróðri og samsæriskenningum dreift auk þess sem beinlínis er hvatt til árása. Jafnframt er bent á að Svíþjóð hafi verið nefnd í áróðri öfgasinnaðra íslamista sem ríki þar sem lítilsvirðing við íslamstrú er samþykkt og sé þess vegna lögmætt skotmark öfgasinnaðra íslamista.

Landamæri

Yfirvöld í Svíþjóð framlengdu tímabundið eftirlit á innri landamærum sínum samkvæmt ákvæðum 25-27 í reglugerð Evrópuþingsins um för yfir landamæri nr. 2016/399 (e. Schengen Borders Code).⁵⁴ Tímabundið landamæraeftirlit framlengdist þann 12. nóvember 2021 og varir í sex mánuði frá þeim degi.

53. https://www.sakerhetspolisen.se/download/18.4fee9b31787cb4eddc1c/1617117717077/NCT_Helarsbedomning-2021.pdf

54. Regulation (EU) 2016/ of the European Parliament and of the Council of 9 March 2016 on a Union Code on the rules governing the movement of persons across borders (Schengen Borders Code) (europa.eu)

Ráðamenn í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa undanfarin ár verið samstíga í að halda uppi tímabundnu eftirliti á innri landamærum sínum og hafa stjórnvöld ríkjanna fjallað um nauðsyn þess að eftirlit á innri landamærum þeirra verði viðhaldið áfram, enda séu þær aðstæður sem orsökuðu aðgerðirnar upphaflega enn til staðar og nýjar öryggisógnir hafi bæst við.

Sænsk stjórnvöld einskorða ekki aukið landamæraeftirlit við ákveðnar landamæraastöðvar eða hluta landamæra og getur aukið eftirlit því tekið til allra innri landamæra hvort sem um ræðir landamæri í lofti, hafi eða á landi. Sænsk lög-gæsluyfirvöld ákvarða þá hluta landamæra eða þær landamæraastöðvar þar sem eftirlit verður aukið í kjölfar sívirks áhættumats. Hins vegar takmarkast umfang eftirlits við það sem nauðsynlegt er talið til að tryggja almannaoöryggi og innra öryggi ríkisins ásamt því að taka mið af aðstæðum hverju sinni. Jafnframt telja sænsk stjórnvöld að annmarkar í eftirliti á ytri landamærum Schengen auki hryðjuverkaógn og geri hugsanlegum hryðjuverkamönnum og öðrum afbrotamönnum mögulegt að komast óséðum inn á Schengen-svæðið.^{55 56}

55. Continued border control at internal borders - Government.se

56. Temporary Reintroduction of Border Control (europa.eu)

Hættustig vegna hryðjuverka í Finnlandi eru eftirfarandi: 1) low, 2) elevated, 3) high og 4) severe. Í hættumati finnsku öryggislögreglunnar, SUPO, frá 23. mars 2021 kemur fram að hættustig vegna hryðjuverka í Finnlandi er á þrepi tvö af fjórum þ.e. aukin hættu er á hryðjuverkum í Finnlandi.⁵⁷

Niðurstöður SUPO eru í takt við mat sænsku öryggislögreglunnar þ.e.a.s. mesta ógnin stafi frá öfgasinnuðum íslamistum og hægri-öfgasinum. Einstaklingar og öfgafullir smáhópar séu líklegastir til að fremja hryðjuverk í nafni öfgafullrar hugmyndafræði. Hættan á hryðjuverkum sem skipulögð eru af hryðjuverkasamtökum erlendis verði unnin í Finnlandi er talin hverfandi (e. Minimal). Finnska öryggislögreglan fylgist nú með um 390 manns með tilliti til hryðjuverkaógnar. Hefur þeim fjölgað um 40 frá árinu 2017 er þeir voru 350. Þónokkrir vígamenn hafa snúið til baka til Finnlands frá átakasvæðum í Sírylandi.

Í byrjun desembermánaðar 2021 voru fimm finnskir karlmenn á þritugsaldri handteknir í Finnlandi vegna gruns um að þeir hygðust hrinda hryðjuverki í framkvæmd. Mennirnir aðhyllast allir hægri-öfgahyggju og höfðu myndað með sér hóp í því skyni að fremja hryðjuverk. Finnska lögreglan hafði fylgst með starfsemi hópsins í langan tíma og m.a. gert vopn og forefni til sprengjугerðar upptæk fyrir um tveimur árum.⁵⁸

57. <https://supo.fi/en/terrorist-threat-assessment>

58. Five arrests in Finnish investigation targeting right-wing extremism | Europol (europa.eu)

HÆTTUSTIG VEGNA HRYÐJUVERKAÓGNAR

Í skýrslu *Alþjóðlegu miðstöðvarinnar um baráttu gegn hryðjuverkum* sem staðsett er í Haag í Hollandi (e. International Centre for Counter-Terrorism – The Hague, ICCT) er vikið að mismunandi mati á hættustigi vegna hryðjuverkaógnar innan ríkja.⁵⁹ Þar er rakið hvernig sum ríki hækka hættustig vegna hryðjuverka tímabundið vegna árása á meðan önnur halda hættustiginu háu um lengri tíma. Dæmi um slíkan mun má sjá þegar hættustig Belgíu er borið saman við hættustig Danmerkur. Í Belgíu er hættustig vegna hryðjuverka á þrepi tvö (af fjórum) þrátt fyrir að þar hafi verið framin stórfelld hryðjuverk á undanliðnum árum en í Danmörku er hættustig vegna hryðjuverka á þrepi fjögur (af fimm) þó þar sé lengra liðið frá árás en í Belgíu. Slíkan mun telur ICCT að megi rekja til mismunandi nálgunar og forsendna ríkja þar sem sum taka tillit til þróunar í nágrannaríkjum á meðan önnur einblína á stöðu mála innanlands og enn önnur hafa mismunandi hættustig eftir landshlutum. Að mati ICCT dregur slíkt misræmi úr samanburðarhæfni hættustiga á milli ESB-ríkja og skerðir þannig getuna til að byggja upp samevrópskan skilning á ríkjandi hryðjuverkaógn. Einnig er minnst á þennan vanda í TE-SAT skýrslu Evrópulögreglunnar 2021.⁶⁰

59. ICCT-Terrorism-Threat-Assessment.pdf

60. TE-SAT 2021, á bls. 11 segir: „Despite the common legal framework set out in EU Directive 2017/541, discrepancies between what constitutes terrorism persist among EU Member States.“

Evrópulögreglan (e. Europol) gefur á ári hverju út yfirlitsskýrslu um hryðjuverkaögn í álfunni. Skýrslur þessar nefnast Skýrsla um stöðu og þróun hryðjuverkastarfsemi innan Evrópusambandsins (e. EU Terrorism Situation and Trend Report, TE-SAT). Greiningardeild ríkislögreglustjóra horfir líkt og lögregla í Evrópusambandsríkjum og á Norðurlöndum til þessara skýrslna við gerð hættumats í málaflokknum.

Evrópulögreglan byggir mat sitt á upplýsingum um áhættuþætti frá aðildarríkjum, öðrum samstarfsríkjum og stofnunum sem og opnum heimildum. Þannig er lögð áhersla á birtingarmyndir hryðjuverkaógnarinnar þ.e.a.s. árásir og starfsemi hryðjuverkamanna og -samta. Gögnin sem Evrópulögreglulögreglan safnar vegna skýrslugerðarinnar eru bæði eigindleg og megindleg og varða brot gegn hryðjuverkalöggjöf innan Evrópusambandsins (ESB) auk upplýsinga um fjölda handtekinna sem grunaðir eru um þátttöku í slíkri brotastarfsemi.

Meginniðurstaða TE-SAT skýrslu Evrópulögreglunnar 2021 er sú að hryðjuverkastarfsemi og ofbeldisfull öfgahyggja innan Evrópusambandsins sé veruleg öryggisáskorun.⁶¹

Flokkun hryðjuverkaógnar

Í skýrslu Evrópulögreglunnar 2021 (TE-SAT 2021) er hryðjuverkaógninni skipt í þrjá höfuðflokka:

- 1) Hryðjuverkastarfsemi jíhadista (e. Jihadist terrorism),
- 2) hryðjuverkastarfsemi hægri-öfgasinna (e. Right-wing terrorism),
- 3) hryðjuverkastarfsemi vinstri-öfgasinna og stjórnleysingja (e. Left-wing and anarchist terrorism).

Auk þess eru aðrir þrír flokkar hryðjuverkaóagna skilgreindir:

- a) Hryðjuverkastarfsemi etnískra-þjóðernissinna og aðskilnaðarsinna (e. Ethno-nationalist and separatist terrorism),
- b) ríkisstudd hryðjuverkastarfsemi (e. State-sponsored terrorism),
- c) aðrar tegundir árása (e. Other types of attacks).

Áhættuþættir varðandi hryðjuverk

Þeir áhættuþættir sem litið er til við mat Evrópulögreglunnar á hryðjuverkaögn eru m.a. eftirfarandi: Fjöldi framinna hryðjuverkaárása, fjöldi látinna og særðra í hryðjuverkaárásum, fjöldi gerenda í hryðjuverkaárásum, fjöldi hryðjuverkaárása sem auðnast hefur að koma í veg fyrir, fjöldi vígamanna sem haldið hafa til Mið-Austurlanda í því skyni að berjast undir merkjum hryðjuverkasamtaka, fjöldi heimsnúinna vígamanna, þekktir hópar sem aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju, hversu margir einstaklingar sem aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju eru undir virku eftirliti, handtökur, fangelsis- og sektardómar vegna hryðjuverkastarfsemi

61 Sjá bls. 4 í TE-SAT 2021: „Terrorism and violent extremism in all forms are significant security challenges to the EU.”

eða hvort annars konar viðurlögum er beitt svo sem takmörkunum á ferða- eða athafnafrelsi, hvort markviss innræting ofbeldisfullrar öfgahyggju fari fram, hversu margir dæmdir hryðjuverkamenn/öfgasinnar ljúka afplánun, skipulagning eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, gerð og dreifing áróðurs í því skyni að kynda undir hatri á Vesturlöndum og/eða upphefja málstað ofbeldisfullrar öfgahyggju.

Í skýrslu Evrópulögreglunnar eru allir áhættuþættir hver kyns hryðjuverkastarfsemi og ofbeldisfullrar öfgahyggju innan allra aðildarríkja ESB metnir í heild og mynda grundvöll þeirrar niðurstöðu stofnunarinnar að hryðjuverkastarfsemi og ofbeldisfull öfgahyggja innan Evrópusambandsins sé veruleg öryggisáskorun.⁶²

Hryðjuverkaógn mótast af aðstæðum í hverju ríki, samfélagslegum áhrifapáttum og samspili þeirra. Hryðjuverkamenn geta vissulega farið yfir landamæri en undirliggjandi áhrifapættir eru staðbundnir. Þetta fær nokkurn rökstuðning við nánari skoðun.

Það er ekki svo að allir framangreindir áhættuþættir teljist vera til staðar innan hvers aðildarríkis ESB. Breytileiki (t.d. saga, tungumál, menning, mannfjöldi og staðhættir) ríkja innan Evrópusambandsins er mikill allt frá Kirjalahéraði til Kýpur og Madeira til Rúmeníu. Hryðjuverkaógn í sumum ríkjum Evrópu telst lítil svo sem í Eistlandi og Færeyjum en í ríkjum sem hafa mátt þola hryðjuverkaárásir og/eða þaðan sem margir hafa haldið til Mið-Austurlanda til að berjast fyrir málstað hryðjuverkamanna er hækkað hættustig vegna hryðjuverkaógnar.^{63 64}

Einstakar aðstæður í tilteknum löndum skipta einnig máli t.a.m. hvort upp hafa komið tilvik sem skapað hafa reiði í röðum múslima líkt og teiknimyndamálið í Danmörku. Ennfremur er mikilvægt í þessu samhengi hvort til staðar eru þjóðarbrót eða etnískir hópar innan ríkis sem berjast fyrir sjálfstæði og/eða aðskilnaði svo sem á Spáni og Norður-Írlandi og að síðustu hvort mannfjöldi og menningarsaga viðkomandi ríkis gerir að verkum að pólitísk öfgahyggja nær að þrífast líkt og í Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu svo dæmi séu tekin.

Í skýrslu Evrópulögreglunnar á bls. 31 er sérstaklega tekið fram að fátt bendi til skipulegrar samvinnu glæpamanna og hryðjuverkamanna innan ESB. Glæpamenn og hryðjuverkamenn noti hvorir tveggja ólöglegar aðferðir til að ná markmiðum sínum og þess vegna athafni þeir sig í sama umhverfi. Til dæmis noti þeir sömu aðferðir til að komast yfir vopn, fölsuð skjöl, liðsmenn og fjármagn. Markmiðin séu ólík; glæpahópar stefni á að hámarka fjárhagslega ávinning og forðist því athygli á meðan hryðjuverkamenn fremji ódæðisverk opinberlega beinlínis í því skyni að senda skilaboð til þeirra sem þeir vilja hræða eða hafa áhrif á. Glæpamenn sem sækjast eftir fjárhagslegum ávinningi gætu því reynst óviljugir að starfa með hryðjuverkamönnum til að athygli stjórnvalda beinist ekki að starfsemi þeirra.


62 Sjá bls. 4 í TE-SAT 2021: „Terrorism and violent extremism in all forms are significant security challenges to the EU.”

63 <https://kapo.net/en/content/annual-reviews.html>

64 <https://www.pet.dk/~media/VTD%202021/2021VTDENGpdf.ashx>

Tölfræði úr TE-SAT skýrslum

Í þessum kafla er farið yfir hryðjuverkatölfræði Evrópulögreglunnar í því skyni að bregða frekara ljósi á þróun hryðjuverka í álfunni. Í TE-SAT skýrslunni 2021 lítur Evrópulögreglan til þróunar síðustu þriggja ára. Hér er hins vegar litið yfir lengra tímabil og tölfræðigögn eru fengin úr TE-SAT skýrslum Evrópulögreglunnar fyrir árin 2015–2021, tölfræðin inniheldur því einnig upplýsingar frá Bretlandi sem frá janúarmánuði 2020 er ekki aðildarríki Evrópusambandsins. Mynd 1 sýnir fjölda þeirra árasa sem tengjast hryðjuverkastarfsemi innan ESB árin 2014–2020.




Á árinu 2020 voru unnin 3 hryðjuverk í Bretlandi er tengjast jihadistum. Komið var í veg fyrir 3 árásir; tvær er tengjast jihadistum og eina árás þar sem hugmyndafræði hefur ekki verið staðfest opinberlega. Auk þess voru skráð 56 öryggistilvik á Norður-Írlandi. Tvö hryðjuverk voru framin í Sviss árið 2020.

Ár	Fjöldi ESB-ríkja þar sem hryðjuverk voru unnin	Látnir	Slasaðir	Handteknir
2014	7	4	6	774
2015	6	151	350+	1077
2016	8	142	379	1002
2017	9	68	844	1219
2018	9	13	53	1056
2019	13	10	27	1004
2020	6	21	54	449

Tafla 1 sýnir fjölda þeirra ríkja þar sem hryðjuverk voru framin innan ESB árin 2014–2020 auk fjölda látinna, slasaðra og handtekinna.

Í Bretlandi voru 185 einstaklingar handteknir vegna gruns um að tengjast hryðjuverkastarfsemi. Þrír létu lífið í Bretlandi í hryðjuverkaárásum og einn í Sviss.



Mynd 2 sýnir fjölda hryðjuverkaárása eftir tegund innan aðildarríkja Evrópusambandsins árin 2014-2020.

Árið 2020 voru skráð 62 tilvik er tengjast hryðjuverkastarfsemi í Bretlandi þar af fimm er tengdust jíhadistum en mikill meirihluti eða 56 árásir voru skráðar í Norður-Írlandi og tengjast þjóðernis- og aðskilnaðarsinum. Tvær hryðjuverkaárásir sem mögulega tengjast jíhadistum voru framdar í Sviss.

Fjöldi hryðjuverkaárása innan ESB árin 2014–2020

Ár	Jíhadistar	Hægri-öfgasinnar	Öfgafullir vinstri öfgasinnar	Þjóðernis- og aðskilnaðarsinnar
2014	4			
2015	150		1	
2016	135	1		6
2017	62	1		
2018	13			
2019	10			
2020	12	9		

Tafla 2 sýnir fjölda látinna í hryðjuverkum innan ESB eftir tegund hryðjuverkaógnar. (Árið 2020 létust þrír einstaklingar í Bretlandi og einn í Sviss í árásum er tengdust jíhadistum.)

Í TE-SAT-skýrslu Evrópulögreglunnar árið 2021 er bent á að fjöldi hryðjuverkaárása árin 2020 og 2019 sé sambærilegur. Fjöldi árása, að Bretlandi (62) og Sviss (2) meðtöldum, voru 121 talsins árið 2020 en 119 voru skráðar árið 2019 þar af 64 í Bretlandi. Samkvæmt Evrópulögreglunni hefur árásum fækkað marktækt frá árinu 2018 er þær voru 129 talsins. Sé litið enn lengra aftur má greina allverulega fækkun skráðra hryðjuverkaárása innan ESB eða allt frá árinu 2015 þegar 151 létu lífið í 211 hryðjuverkaárásam (103 í Bretlandi) meðtaldar eru árásir sem hafa misheppnast eða þær sem auðnast hefur að koma í veg fyrir.

Hryðjuverkastarfsemi jíhadista (e. Jihadist terrorism)

Það er mat aðildarríkja ESB að mesta hryðjuverkaógn innan ESB stafi enn sem fyrr frá jíhadistum.⁶⁵ Jíhadistar framkvæmdu tíu hryðjuverkaárásir innan ESB árið 2020.⁶⁶ Árásirnar áttu sér stað í Austurríki, Frakklandi og Þýskalandi. Í öllum tilvikum voru gerendur einir síns liðs (e. Lone actors) og í yfirgnæfandi meirihluta tilvika eða í níu skipti af tíu notuðust þeir við frumstæðar verknaðaraðferðir s.s. stungur með eggvopni, íkveikjur og ákeyslur. Tólf manns létu lífið í árásum þessum og fleiri en 47 slösuðust. Flestar árásir jíhadista í ESB, Bretlandi og Sviss voru gerðar í almannarými og fórnarlömb þeirra almennir borgarar. Gerendur innan ESB voru í öllum tilvikum karlmenn á aldrinum 18-33 ára. Fjórir af þessum tíu árársarmönnum voru með evrópskan ríkisborgararétt. Fimm voru um-sækjendur um alþjóðlega vernd eða óhefðbundnir/óreglulegir innflytjendur hvar af fjórir sem höfðu dvalist árum saman innan ESB.⁶⁷ Einn hryðjuverkamannanna ferðaðist frá Túnis til Ítalíu einum mánuði áður en hann vann illvirki í Nice í Frakklandi. Í skýrslu Evrópulögreglunnar kemur fram að einhverjir gerendanna hafi átt við geðheilbrigðisvanda að stríða sem hefði í sumum tilfellum gert erfitt fyrir um að ákvarða hvort telja bæri árásir þeirra til hryðjuverka.⁶⁸

Hér skal bent á að undanfarna tvo áratugi hafa milljónir manna neyðst til að yfirgefa heimili sín og leitað athvarfs í öðrum löndum. Flestir á flóttu frá stríðshrjádum löndum sem byggð eru múslimum að meirihluta svo sem Jemen, Sómalíu, Sýrlandi, Írak og Afganistan. Hætta er á að aukið innstreymi flóttamanna og hryðjuverkaárásir múslima í Evrópu geti aukið fordóma gagnvart múslimskum innflytjendum í Evrópu og stuðlað að aukinni skautun evrópsks samfélags og ýtt undir starfsemi öfgasinnaðra samtaka. Á hinn bóginn benda rannsóknir til þess að engin tengsl séu á milli fjölgunar múslimskra innflytjenda og hættunnar af hryðjuverkum svo sem lesa má um í eftirfarandi rannsóknum: Dragičević, D. (2019). „Is there any Correlation between Terrorism and Immigration? Evidence from EU Countries “, *Journal of Business Paradigms* 4(2), 4–21.⁶⁹; og einnig

65 Sjá TE-SAT 2021, bls. 13. „EU Member States assessed that jihadist terrorism remained the greatest terrorist threat in the EU.“

66 Sjá TE-SAT 2021, bls. 7 og 13.

67 Ibid., bls. 14: „Four of the ten completed jihadist attacks were perpetrated by individuals holding EU citizenship. The perpetrators of five attacks had entered the EU as asylum seekers or irregular migrants; in four cases they had entered the EU several years before carrying out their attack.“

68 Sjá TE-SAT 2021, bls. 16.

69 (PDF) IS THERE ANY CORRELATION BETWEEN TERRORISM AND IMMIGRATION? EVIDENCE FROM EU COUNTRIES (researchgate.net)

Forrester, A.C., Powell, B., Nowrasteh, A., and Landgrave, M. (2019). „Do Immigrants Import Terrorism?“, *Journal of Economic Behavior & Organization* 166, 529–543.⁷⁰

Í fjórum tilvikum komst upp um áform til hryðjuverkaárása innan ESB (Belgía, Frakkland, Þýskaland). Handtökum vegna gruns um aðild að hryðjuverkastarfsemi fækkaði verulega á milli árunna 2019 og 2020. Árið 2020 skráði Evrópulögreglan 449 handtökur vegna gruns um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi borið saman við 1004 handtökur árið 2019 og 1056 handtökur árið 2018. Flestar urðu handtökurnar árið 2017 eða 1219 talsins.

Meðal þeirra brota sem jíhadistar hafa verið handteknir fyrir á grundvelli hryðjuverkalöggjafar hin síðustu ár hefur áróðursstarfsemi verið áberandi. Þó kemur fram í TE-SAT 2021 að hvorutveggja magn og gæði hryðjuverkaáróðurs ISIS hryðjuverkasamtakanna hafi minnkað verulega.⁷¹ Athygli vekur að margir hinna grunuðu eru ungir að árum.⁷² Á meðal aðildarríkja ESB ríkja enn áhyggjur varðandi boðun öfgahyggju jíhadista og liðssófnun á þeirra vegum innan veggja fangelsa auk hættu vegna dæmdra hryðjuverkamanna er ljúka afplánun. Mörg hryðjuverk jíhadista á undanliðnum árum hafa verið unnin af einstaklingum sem nýlega hafa lokið fangelsisvist. Í fimm skipti hið minnsta unnu fangar eða einstaklingar sem nýverið luku afplánun hryðjuverk í Evrópu (Austurríki, Þýskaland og Bretland) árið 2020. Hins vegar, þegar á heildina er litið er ítrekunartíðni brota einstaklinga við hryðjuverkalöggjöfina hlutfallslega lág innan Evrópu.⁷³

Það er mat breskra yfirvalda að geta hryðjuverkasamtakanna Ríki íslams (ISIS) til að hrinda hryðjuverkum í framkvæmd á Vesturlöndum hafi minnkað verulega eftir að samtökin fóru halloka í átökunum í Sýrlandi og Írak.⁷⁴ Í júlímánuði 2017 lýstu stjórnvöld í Írak yfir sigri gegn ISIS og hið sama gerðu Íranir nokkrum mánuðum síðar. Höfðu samtökin þá átt undir högg að sækja í ein tvö ár einkum vegna aðkomu vestrænna ríkja sem beittu m.a. loftárásum gegn sveitum ISIS á þessum slóðum. Í marsmánuði 2019 lýsti svo sýrlenski lýðræðisherinn (e. Syrian Democratic Forces) sem studdur var af Bandaríkjunum yfir fullnaðarsigri yfir Ríki íslams. Engin áform ISIS varðandi skipulögð hryðjuverk innan ESB hafa náð fram að ganga frá marsmánuði 2016.⁷⁵

70 <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0167268119302471>

71 TE-SAT 2021, bls. 17: „The quantity and quality of propaganda produced by official IS media outlets decreased considerably in 2020.“

72 TE-SAT 2021, bls. 51, „Propaganda activities continued to be one of the most prevalent charges in jihadist terrorism-related arrests in 2020. Suspects appear to be increasingly young in age.“

73 TE-SAT 2021, bls. 16, „EU Member States continued to be concerned about jihadist radicalisation and recruitment in prison and the threat from released prisoners. Several jihadist terrorist attacks in recent years were perpetrated by recently released convicts. At least five jihadist incidents in Europe (Austria, Germany and theUK) in 2020 involved attackers who were either released convicts or prisoners at the time they committed the attack. Overall, however, recidivism among terrorism convicts in Europe is relatively low.“

74 TE-SAT 2021, bls. 66, „The UK assessed that IS’s ability to direct terrorist attacks in the West has been greatly reduced due to its loss of territory in Syria and Iraq,“ and the consequent attrition of personnel and resources.“

75 Ibid., bls. 66, „There have been no successful IS-directed plots in Europe since March 2016.“

Svo virðist sem ferðalög vígamanna til þess að berjast með hryðjuverkasamtökum í Sýrlandi og Írak hafi nær stöðvast. Í þessu samhengi verður að hafa í huga víðtæk áhrif heimsfaraldurs Covid-19 sem dró verulega úr ferðalögum landa á milli árið 2020. Afar fá tilvik um tilraunir til að ferðast til átakasvæða voru skráð árið 2020. Ennfremur hafa engin önnur átakasvæði bæst við sem megin áfangastaður vígamanna.⁷⁶ Í TE-SAT skýrslu Evrópulögreglunnar 2021 kemur einnig fram að hugmyndafræðilegur ágreiningur sé á milli hópa í röðum jihadista og hafi það neikvæð áhrif á starfsemi þeirra.⁷⁷ Dæmi er tekið af fylgjendum sádi-arabíska kennimannsins Ahmad al-Hazimi í Hollandi. Fylgjendur hans eru taldir frekar líklegri til að dæma aðra múslima sem trúvillinga en aðrir hópar jihadista.⁷⁸ Deilur milli hópa jihadista eru vel þekktar. Hryðjuverkasamtökin Al-Kaída og ISIS hafa eldað grátt silfur saman allt frá árinu 2013 í Sýrlandi. Samkeppni ISIS og Al-Kaída um áhrif á átakasvæðum hefur haft neikvæð áhrif á sambandið milli þeirra.^{79 80}

Hryðjuverkastarfsemi hægri-öfgasinna (e. Right-wing terrorism)

Í TE-SAT skýrslu Evrópulögreglunnar 2021 kemur fram að árið 2020 voru skráð fjögur tilvik hryðjuverka er tengjast hægri-öfgasinnnum í þremur aðildarríkjum ESB.⁸¹ Af þeim voru tvö tilvik skráð í Þýskalandi; ein skotárás sem leiddi til dauða níu manna og ein tilraun sem unnt reyndist að afstýra. Ein misheppnuð tilraun til að ráðast á opinbera stofnun var skráð í Belgíu og einni áætlun um að fremja hryðjuverk í Frakklandi var hnekkt. Þrjú af fjórum gerendum voru ríkisborgarar þess lands sem fyrirhuguð árás eða áætlun beindist gegn.

Árið 2020 voru 34 einstaklingar handteknir í átta aðildarríkjum ESB grunaðir um aðild að hryðjuverkastarfsemi hægri-öfgasinna. Í þeim ríkjum sem skráðar handtökur áttu sér stað voru algengustu brotin aðild að hryðjuverkahópi, skipulagning og/eða undirbúningur hryðjuverks auk ólöglegar vopnaeignar. Hinir grunuðu voru langoftast karlar og meðalaldur þeirra um 38 ár. Flestir voru ríkisborgarar í landinu þar sem þeir voru handteknir.

Þýskur hryðjuverkamaður í borginni Hanau í sambandslandinu Hessen í Þýskalandi hélt úti vefsíðu þar sem hann birti efni tengt útlendinga- og kynþáttahatri. Talið er að útlendinga- og kynþáttahatur viðkomandi hafi verið aðalorsök árásar hans. Líkt og margir aðrir hægri-öfgasinnar á undanförnum misserum birti hann

76 Ibid., bls 62. „ There were very few reported attempts to travel to conflict zones in 2020. Furthermore, no other conflict zone emerged as a major destination in addition to Syria and Iraq.”

77 Ibid., bls. 52 „Ideological disputes were noted to have a destabilising effect on the jihadist movement, as they create divisions between different groups.”

78 Ibid., bls. 53 „In the Netherlands, for example, a deepseated ideological split was triggered by the teachings of an ideologue from Saudi Arabia, Ahmad al-Hazimi. His followers are assessed to number a few dozen in the Netherlands and are inclined to more readily brand other Muslims heretics than other jihadists.”

79 Sjá TE-SAT 2021, bls. 72.

80 Ibid., bls. 73 „Relations between IS affiliates and al-Qaeda affiliates in conflict areas outside Syria have been affected by the conflict and, in 2020, IS and al-Qaeda continued to compete for influence in several conflict zones.”

81 Sjá TE-SAT skýrslu Evrópulögreglunnar árið 2021 bls. 18 og bls. 78-91.

stefnuskrá (e. Manifesto) fyrir árásina. Í henni er ekki vísað til fyrri árasa hægri-öfgasinna svo sem árásarinnar í Christchurch á Nýja-Sjálandi árið 2019. Ekki er heldur vitað til þess að hann hafi verið þáttakandi í fjölþjóðlegum hægri-öfgassinnuðum „netsamfélögum“.

Evrópulögreglan lýsir sérstökum áhyggjum af ungum aldri margra þeirra er sættu handtökum vegna gruns um hryðjuverkastarfsemi en margir þeirra voru undir lögræðisaldri við handtöku. Flestir sem handteknir voru vegna hryðjuverkastarfsemi hægri-öfgasinna tengdust fjölþjóðlegum ofbeldisfullum „netsamfélögum“ hægri-öfgasinna. Þessi „netsamfélög“ aðhyllast leiðtogalaus mótstöðu og hugmyndir um að hraða verði niðurbroti hins lýðræðislega samfélags⁸² með því að skapa glundroða og pólitískan þrýsting. Slíkar hugmyndir eru m.a. notaðar innan þessara „netsamfélaga“ til að réttlæta hryðjuverkaárásir einstaklinga og lítilla hópa.

Í TE- SAT skýrslu Evrópulögreglunnar er á blaðsíðum 88 og 89 farið yfir ýmisskonar hugmyndafræði sem að mati Evrópulögreglunnar er einkennandi fyrir hægri-öfgasinna. Greindar eru þrjár meginstefnur hugmyndafræðinnar. Fyrstir eru þeir nefndir sem taldir eru til svokallaðra þjóðernis-menningarsinna (e. Cultural Nationalists). Þeir sem fylla þann flokk trúu því að vestrænni menningu stafi mikil ógn af stórfelldum fólksflutningum til Evrópu eða að ákveðnir etniskir hópar eða menningarhópar séu ekki nægjanlega vel blandaðir við ríkjandi samfélagsmynstur. Í þessu samhengi bendi þjóðernis-menningarsinnar á notkun múslimskra kvenna á andlitsslæðum til að hylja andlit sín og vilji banna slíkt og/eða hafi hugmyndir um að verið sé að innleiða íslömsk lög á Vesturlöndum.

Aðra meginstefnu hugmyndafræði hægri-öfgasinna telur Evrópulögreglan vera stefnu hvíttra eða etniskra þjóðernissinna. Þeir trúu að stórfelldir fólksflutningar til Evrópu frá löndum sem eru ekki „hvít“ (e. Non-White World) séu ógn við tilvist „hvíta kynstofnsins“ og „vestrænnar menningar“. Hvítir þjóðernissinnar boði myndun hvíts föðurlands (e. White Homeland) annaðhvort með skiptingu núverandi ríkja eða með brottflutningi etniskra minnihlutahópa og þvinguðum brottflutningi þeirra ef nauðsyn krefur.

Þriðja hugmyndafræði hægri-öfgasinna sem Evrópulögreglan greinir er stefna hvíttra kynþáttahatara (e. White Supremacists). Þeir sem aðhyllist þá stefnu trúu á meðfædda yfirburði „hvíta kynstofnsins“, bæði andlega og líkamlega, yfir öðrum „kynstofnum“.

Auk nefndra tegunda hugmyndafræði kemur fram í skýrslu Evrópulögreglunnar að trú á ýmisskonar samsæriskenningar sé útbreidd meðal hægri-öfgasinna. Á bls. 89 í TE-SAT 2021 er fjallað ítarlega um regnhlífarhugtakið QAnon sem hýsir margvíslegar samsæriskenningar sem fullyrða að heiminum sé stjórnað af barnaniðingum sem tilbiðji djöfulinn. Þessar samsæriskenningar eigi sér fylgis-

82 Accelerationism: the idea inspiring white supremacist killers around the world - Vox

menn einkum í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Hollandi. Samkvæmt skýrslu Evrópulögreglunnar hefur verið lokað á aðgang QAnon hópa á Facebook, Twitter, Instagram og YouTube en talið er að hóparnir hafi fært sig á samfélagsmiðillinn Gab; sjá nánari umfjöllun um Gab á ensku Wikipedia-síðunni undir Gab (social network) og fjölmörgum viðurkenndum fréttamiðlum.^{83 84 85}

Enn nefnir Evrópulögreglan í skýrslu sinni aðra menningarkima (e. Subculture) hægri-öfgasinna s.s. þeirra karla sem segjast lifa skírlífi tilneyddir eða svokallaðra „incels“ (e. Involuntary Cellibates). Margir þeirra sem flokkast sem „incels“ stríði við félagslegan vanda og eigi erfitt með að finna kvenkyns félag og hafi upplifað höfnun. Í „netsamfélagi“ þeirra hafi þessi reynsla umbreytt í hatur á kvenfólki. Í febrúarmánuði 2020 drap táningur, innblásinn af incel-hugmyndafræði, konu í Toronto í Kanada.⁸⁶ Hann var ákærður fyrir hryðjuverk. Í júlímánuði 2021 var karlmaður handtekinn í Ohio í Bandaríkjunum grunaður um að skipuleggja skotárás á konu í háskóla í Ohio.⁸⁷ Hann er nú ákærður fyrir hatursglæp og ólöglega vopnaeign. Við hatursglæpsbrotinu liggur lífstíðarfangelsi. Í ágúst mánuði 2021 var framin mannskæð skotárás í ensku hafnarborginni Plymouth.⁸⁸ Þetta var fyrsta fjöldaskotárásin (e. Mass Shooting) í Bretlandi í 11 ár. Árásin er talin tengjast „incel“ hugmyndafræði.⁸⁹

Í skýrslu Evrópulögreglunnar kemur fram að hægri-öfgasinna séu afar virkir í „netheimum“ og áróður þeirra megi finna víða á internetinu og meðal annars í tölvuleikjum og á spjallrásum er tengjast þeim og þannig nái boðskapur hægri-öfgasinna til yngri kynslóða. Í skýrslu Evrópulögreglunnar kemur fram að áróðurinn beinist m.a. gegn svörtu fólki, gyðingum, LGBTQ-fólki og konum.

Hryðjuverkastarfsemi vinstri-öfgasinna og stjórnleysingja (e. Left-wing and anarchist terrorism)

Samkvæmt tölfraði Evrópulögreglunnar sjá töflu 2. hefur einn einstaklingur látið lífið í árásum vinstri-öfgasinna og stjórnleysingja. Flestar hryðjuverkaárásir vinstri-öfgasinna undanfarin ár hafa verið skráð í ríkjum Suður-Evrópu og Frakklandi.

Á árinu 2020 voru allar hryðjuverkaárásir vinstri-öfgasinna unnar á Ítalíu og flestar áætlanir um hryðjuverk sem raktar voru til vinstri-öfgasinna voru einnig skráðar á Ítalíu. Upp komst um eina áætlun til hryðjuverkaárásar í Frakklandi á árinu 2020.⁹⁰ Í flestum tilvikum var um eignaspjöll á opinberum byggingum og

83 Gab (social network) - Wikipedia

84 Gab: Everything you need to know about the fast-growing, controversial social network - CNN

85 Gab, a social platform favored by the far right, says it was hacked (nbcnews.com)

86 Sjá TE-SAT 2021, skýrslu Evrópulögreglunnar bls. 89

87 Highland County man charged with attempted hate crime related to plot to conduct mass shooting of women, illegal possession of machine gun | USAO-SDOH | Department of Justice

88 Six people killed in mass shooting in Plymouth, England | Reuters

89 Plymouth shooting: Police urged to clamp down on 'incel' movement | News | The Sunday Times (thetimes.co.uk)

90 Sjá TE-SAT 2021, skýrslu Evrópulögreglunnar bls. 21

fjármálastofnunum að ræða t.d. með íkveikju eða annarskonar skemmdarverkum á byggingum. Ábyrgð á árásunum var í flestum tilvikum lýst yfir á internetinu. Á Ítalíu var einnig skráð misheppnuð bréfasprengjuárás.

Fjöldi handtekinna vegna hryðjuverkaárása er tengjast vinstri-öfgasinum féll um meira en helming á miðað við árið 2019 einkum vegna þess að mun færri voru handteknir á Ítalíu árið 2020 (24 einstaklingar árið 2020 miðað við 98 árið 2019). Einstaklingar grunaðir um hryðjuverk er tengjast vinstri-öfgasinum voru einnig handteknir í Grikklandi (14) Frakklandi (11), Portúgal (1) og á Spáni (2) árið 2020.

Öfgahygga tengd vinstri-öfgasinum og stjórnleysingjum er talin viðvarandi ógn innan margra aðildarríkja ESB. Að mati Evrópulögreglunnar eru alþjóðleg tengsl vinstri-öfgasinna til staðar en eru þó einkum bundin við einstaklinga. Auk hefðbundinna baráttumála vinstri-öfgasinna svo sem gegn fasisma, kynþáttahatri og meintu ríkisvæddu ofbeldi greindi Evrópulögreglan ný baráttumál svo sem varðandi umhverfismál og aðgerðir til að hefta útbreiðslu Covid-19.

Fjallað er um hryðjuverkaógnina í Bretlandi á vefsíðu bresku öryggisþjónustunnar MI5.⁹¹ Þar kemur fram að breskir þegnar skipuleggi meirihluta áætlana um hryðjuverkaárásir þar í landi. Jafnframt segir að mörg þúsund einstaklingar á Bretlandi styðji ofbeldisfulla öfgahyggju eða taki þátt í öfgastarfsemi íslamista. Einhverjir breskir ríkisborgarar ferðist erlendis í því skyni að öðlast þjálfun meðal öfgahópa og snúi svo aftur með það að markmiði að fremja hryðjuverk. Hins vegar verði einnig vart við þróun í átt að einstaklingar fyllist ofbeldisfullri öfgahyggju vegna innrætingar og efnis á internetinu. Aukningar hafi orðið vart á einföldum árásum sem einstaklingar búsettir á Bretlandi skipuleggi sjálfir og framkvæmi síðan. Slíkar árásir sé mun erfiðara að uppgötva í tæka tíð heldur en stærri og flóknari aðgerðir. Hættustig vegna hryðjuverka í Bretlandi (England, Skotland, Wales og Norður-Írlandi) er metið severe (stig 4 af 5).⁹²

91 <https://www.mi5.gov.uk/international-terrorism>

92 Vefslóð heimsótt og afrituð þann 27. janúar 2022. Threat Levels | MI5 - The Security Service

Allt frá árásumum á Tvíburaturnana hinn 11. september 2001 hafa Bandaríkin leitt baráttu hins vestræna heims gegn hryðjuverkum. Í því skyni hafa þau m.a. myndað alþjóðlegt bandalag ríkja til að sigra ISIS-hryðjuverkasamtökin.⁹³ Á heimasíðu utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna kemur fram að allt frá árinu 2014 hafi 83 ríki, Ísland þeirra á meðal, unnið staðfastlega gegn ISIS. Hafi bandalagsþjóðunum auðnast að draga verulega úr getu, áhrifum, fjármögnun og áróðri hryðjuverkasamtakanna auk þess að minnka hernaðargetu þeirra og yfirráðasvæði. Meðal áfanga sem náðst hafi frá árinu 2014 er m.a. fall fjölmargra háttsettra liðsmanna samtakanna auk þess sem leiðtogi þeirra, Abu Bakr al-Baghdadi, lét lífið í kjölfar árásar sérsveitar Bandaríkjahers í októbermánuði 2019. Það „kalífadæmi“ ISIS sem stofnað var, á landsvæði því sem samtökin brutu undir sig, hefur verið gersigrað og milljónir manna leystar undan ofbeldisfullri harðstjórn hryðjuverkasamtakanna.

Mat á hryðjuverkaógninni í Bandaríkjunum hefur breyst á undanliðnum árum og ógn af hægri-öfgasinnnum hefur farið sívaxandi. Í áhættumatsskýrslu Heimavarnaráðs Bandaríkjanna (e. Homeland Security) sem gefin var út í október 2020 segir að helsta hryðjuverkaógn innan Bandaríkjanna stafi af einstaklingum og litlum hópum sem aðhyllast öfgasinnaða hugmyndafræði af þeim eru innlendir ofbeldisfullir öfgasinnar taldir hættulegastir.^{94 95} Innlendir ofbeldisfullur einstaklingur er skilgreindur í skýrslunni á eftirfarandi hátt: „Einstaklingur sem dvelst og starfar að mestu leyti innan Bandaríkjanna eða á bandarísku yfirráðasvæði og er hvorki undir stjórn né lætur stjórnast af hvatningu erlendra hryðjuverkahópa eða annarra erlendra afla sem sækjast eftir því að ná fram pólitískum eða samfélagslegum markmiðum sínum annaðhvort að öllu leyti eða að hluta til með ólög-mætum hætti.“⁹⁶

Í skýrslu bandarísku hugveitunnar CSIS, Center for Strategic and International Studies sem birt var í október 2020 og ber heitið Stríðið kemur heim – þróun hryðjuverkaógnar innalands í Bandaríkjunum (e. The War Comes Home – the Evolution of Domestic Terrorism in the United States) kemur fram að í gögnum þeim sem hugveitan safnaði hafi hægri-öfgasinnar sem trúá á yfirburði hvíta kynstofnsins (e. White Supremacists) verið að verki í tveimur þriðju hluta allra hryðjuverkaárása og áætlana um að vinna hryðjuverk innan Bandaríkjanna fyrstu átta mánuði ársins 2020.^{97 98} Einstaklingar sem tilheyrðu öfgahópum íslamista voru að verki í 7% tilvika.

93 The Global Coalition To Defeat ISIS - United States Department of State

94 Homeland Threat Assessment October 2020 (dhs.gov)

95 Sjá bls. 17. í Homeland Threat assessment 2020 : „Ideologically motivated lone offenders and small groups pose the most likely terrorist threat to the Homeland, with Domestic Violent Extremists presenting the most persistent and lethal threat.“

96 „Domestic Violent Extremist (DVE): An individual based and operating primarily within the United States or its territories without direction or inspiration from a foreign terrorist group or other foreign power who seeks to further political or social goals wholly or in part through unlawful acts of force or violence.“

97 201021_Jones_War_Comes_Home_v2.pdf (csis-website-prod.s3.amazonaws.com)

98 „White supremacists and other like-minded extremists conducted two-thirds of the terrorist plots and attacks in the United States in 2020...“

Í skýrslu áströlsku hugveitunnar, Stofnun um Hagfræði og Frið (e. *Institute for Economics and Peace*), um mat á áhrifum hryðjuverka (Global Terrorism Index 2020, GTI-2020) sem birt var í nóvembermánuði 2020 kemur fram að dauðsföllum af völdum hryðjuverka árið 2019 hafi fækkað um 15% frá árinu áður.⁹⁹ Hafði þá dauðsföllum vegna hryðjuverka í heiminum farið fækkandi ár frá ári allt frá 2014. Dauðsföll af völdum hryðjuverka á heimsvísu voru þannig 59% færri árið 2019 miðað við árið 2014 þegar flest dauðsföll vegna hryðjuverka voru skráð hjá stofnuninni.¹⁰⁰

Samtímis því að heildarfjöldi látinna í hryðjuverkaárásum dalar verulega hefur, samkvæmt skýrslu *Institute for Economics and Peace*, fjölda þeirra ríkja sem skráð hafa eitt dauðsfall hið minnsta vegna hryðjuverka einnig fækkað og voru ríkin 63 talsins árið 2019 og höfðu þá ekki verið færri frá árinu 2013.

Heildarfjöldi látinna og efnahagslegur skaði vegna hryðjuverkastarfsemi segir þó ekki nema hluta sögunnar. Í stríðshrjáðum löndum og ríkjum sem glíma við afleiðingar heiftúðugra átaka svo sem Afganistan, Írak, Sýrland, Jemen og Sómalía er meirihluti allra hryðjuverkaárása framinn og fórnarlömb þeirra flest. Samkvæmt skýrslu Stofnunar um Hagfræði og Frið voru ríflega 40% dauðsfalla vegna hryðjuverka skráð í Afganistan á árinu 2019.¹⁰¹

Ósigur Ríkis íslam í Mið-Austurlöndum, uppbygging innviða og stjórnkerfis í Írak, friðarsamningar og brottflutningur alþjóðaherliðsins í Afganistan eru allt þættir sem hafa veruleg áhrif á heildarmyndina í þessum heimshluta. Samkvæmt fyrrgreindri skýrslu eru Talibanar sá hryðjuverkahópur sem fremur mannskæðustu hryðjuverkaárásirnar. Á árinu 2019 dró hins vegar úr dauðsföllum sem tengjast hryðjuverkum Talibana.

Þegar þetta er ritað síðla árs 2021 hafa Talibanar tekið öll völd í Afganistan og eru taldir öflugri en nokkru sinni.^{102 103} Erfitt er að segja til um hvort hryðjuverkasamtök á borð við Al-Kaída hljóti skjól í Afganistan undir stjórn Talibana líkt og raunin var á árunum fyrir árásirnar á Tvíburaturnana í New York árið 2001 ellegar hvort Talibanar hyggist breiða út áróður öfgasinna og/eða skipuleggi/fjármagni hryðjuverkaárásir á Vesturlöndum.

Colin Kahl, háttsettur embættismaður varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna, varaði við því að hryðjuverkasamtökin Ríki íslam í Korasan (ISIS-K) gætu á sex mánuðum öðlast nægjanlegan styrk til að fremja hryðjuverkaárás gegn Bandaríkjunum. Samkvæmt framburði hans fyrir hermálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings hinn 26. október 2021 er það ásetningur bæði ISIS-K og Al-Kaída að

99 GTI-2020-web-2.pdf (visionofhumanity.org)

100 „Deaths from terrorism are now 59 per cent lower than their peak in 2014.“ Sjá bls. 4. Í skýrslu *Economics & Peace*; GTI-2020-web-2.pdf (visionofhumanity.org)

101 Sjá bls. 13, mynd 1.2 í skýrslu *Institute for Economics and Peace* „Global Terrorism Index 2020“ <https://www.visionofhumanity.org/wp-content/uploads/2020/11/GTI-2020-web-2.pdf>

102 Mapping the advance of the Taliban in Afghanistan - BBC News

103 The Taliban in Afghanistan (cfr.org)

fremja hryðjuverk á erlendri grund (e. External Operations) þ.m.t. gegn Bandaríkjunum en með þeim fyrirvara að hvorug hryðjuverkasamtökin hefðu þá þegar öðlast slíka getu. Kahl sagði það mat ríkjandi innan leyniþjónustusamfélagsins að ISIS-K gæti öðlast slíka getu á næstu sex til tólf mánuðum en að það tæki Al-Kaída lengri tíma að byggja upp slíkan styrk eða eitt til tvö ár.¹⁰⁴

Í fyrrgreindri skýrslu áströlsku hugveitunnar kemur fram að hryðjuverkum sem tengjast hægri-öfgasinum hafi fjölgað verulega á Vesturlöndum á undanliðnum áratug eða svo. Árið 2010 hafi eitt hryðjuverk hægri-öfgasinna verið skráð en árið 2019 hafði þeim fjölgað í 49.

104 Senate Armed Services Committee Hearing on Security in Afghanistan | C-SPAN.org

Af áhættupáttum þeim sem sammerktir eru aukinni hryðjuverkaógn í ríkjum heims eru tveir helstir; annar er veikt réttarvörslukerfi og hinn er sá að stórir hópar innan samfélags séu beittir eða telji sig beitta alvarlegu misrétti. Í þróuðum ríkjum eru samfélagslegir þættir á borð við jaðarsetningu eða mismunun ákveðinna hópa tengdir við aukna hryðjuverkaógn. Á meðal þróunarríkja er ógn vegna hryðjuverka oft tengd trúarlegum átökum, ættbálkaerjum og spillingu.¹⁰⁵

Í tvo áratugi hafa ríki Evrópu og Evrópusambandið unnið markvisst að því að sporna gegn hryðjuverkum. Á síðustu árum hafa ferðalög til átakasvæða verið bönnuð, eftirlit með einstaklingum sem grunaðir eru um að tengjast hryðjuverkastarfsemi hefur verið aukið, unnið hefur verið gegn áróðri öfgasinna bæði innan fangelsa og á internetinu t.d. hafa stórir samfélagsmiðlar verið hvattir til að vinna gegn slíkum áróðri, upplýsingamiðlun- og söfnun vegna hryðjuverkaógnar hefur verið aukin og styrkt líkt og TE-SAT skýrslur Evrópulögreglunnar eru til marks um. Auk þess hafa ríki Evrópu leitast við að styrkja ytri landamæri sín og alþjóðlega samvinnu gegn hryðjuverkum. Nú er svo komið að áhrif og umfang hryðjuverkastarfsemi innan ESB árin 2019-2021 eru marktækt minni en árin 2015-2018 og þakka má það m.a. aukinni áherslu á hryðjuverkavarnir.

Verulega hefur dregið úr getu alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka á borð við ISIS og Al-Kaída til að fremja eða stýra hryðjuverkum á Vesturlöndum. Þróun síðustu missera er sú að yfirgnæfandi meirihluti skráðra tilvika hryðjuverka öfgasinnaðra íslamista á Vesturlöndum voru unnin af einstaklingum sem beittu til þess einföldum vopnum, í sumum tilvikum voru ástæður óljósar og einhverjum tilvika hefur reynst erfitt að meta geðheilbrigði viðkomandi. Með falli Afganistan í hendur Talibana hafa ytri þættir og aðstæður hryðjuverkasamtaka í þeim heimshluta breyst til muna. Talið er að bæði ISIS og Al-Kaída geti byggt upp styrk til að fremja árásir á erlendri grund innan tveggja ára.

Í frjálsum og opnu samfélagi er nánast ógerningur að koma í veg fyrir handahófskenndar árásir einstaklinga með einföldum vopnum. Hins vegar hefur á undanliðnum árum ítrekað auðnast að koma í veg fyrir áætlanir þar sem tveir eða fleiri gerendur hafa skipulagt árásir gegn opinberum aðilum í því skyni að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í viðkomandi ríki. Í flestum tilvikum hryðjuverkaárása á Vesturlöndum eru gerendur staðfestir ríkisborgarar viðkomandi ríkis.

Árið 2020 létust 21 í hryðjuverkaárásum innan ESB samanborið við 151 árið 2015. Mannfjöldi innan ESB er talinn liggja nærri 448 milljónum.¹⁰⁶ Tölfræðilega má því telja afar ólíklegt að einstaklingar verði fyrir handahófskenndri hryðjuverkaárás innan ESB.

105 GTI-2020-web-2.pdf (visionofhumanity.org)

106 <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/2995521/11081093/3-10072020-AP-EN.pdf/d2f799bf-4412-05cc-a357-7b49b93615f1>

Auknar áhyggjur eru af vaxandi hægri-öfgahyggju víða um heim og stafar vaxandi hryðjuverkaógn af þeim sem hana aðhyllast. Sérstakar áhyggjur eru af innrætingu hægri-öfgahyggju hjá ungu fólki á netinu svo sem á samfélagsmiðlum og á spjallborðum tölvuleikja.

Á Norðurlöndum eru hryðjuverk afar fátíð enda eru jöfnuður og almenn velsæld óvíða meiri, réttarvörslukerfið sterkt, traust almennt mikið á lögreglu og dómstólum, samfélag gagnsætt og spilling lítil.¹⁰⁷ Þó er nokkur breytileiki í áhættuþáttum á milli Norðurlanda sem hefur áhrif á mat þeirra á ríkjandi hryðjuverkaógn. Á meðal þessara áhættuþátta eru m.a. fjöldi heimsnúinna vígamanna, fjöldi staðfesta öfgasinna, fjöldi þeirra er sæta afplánun vegna hryðjuverkastarfsemi og fjöldi einstaklinga sem eru undir virku eftirliti vegna hryðjuverkastarfsemi.

Ísland er um margt líkt frændríkjum sínum á meginlandinu þ.e.a.s. hér er jöfnuður mikill, traust á réttarvörslukerfinu þ.m.t. lögreglu og dómstólum mikið. Með öðrum orðum hinir undirliggjandi samfélagslegu þættir sem taldir eru vinna gegn hryðjuverkaógn eru sterkir á Íslandi. Auk þess er samfélag okkar fámenn, einsleitt og landfræðilega einangrað og að því leyti til eru líkindi mikil við færeyskt samfélag þar sem ógn vegna hryðjuverka er talin lítil.

Á hinn bóginn eru þeir áhættuþættir sem taldir eru mynda eða auka hryðjuverkaógn á hinum Norðurlöndum ekki til staðar á Íslandi. Ísland er herlaust, íslenskir ríkisborgarar hafa ekki haldið héðan í því skyni að berjast með hryðjuverksamtökum svo vitað sé, hér hefur ekki verið unnið hryðjuverk, enginn hefur verið dæmdur hér á landi fyrir hryðjuverkastarfsemi og af þeim sökum eru hér hvorki heimsnúinir vígamenn né einstaklingar sem sæta afplánun vegna brota á hryðjuverkalöggjöfinni.

Ísland er margfalt fámennara en hin Norðurlöndin, Danir eru taldir vera tæpar 6 milljónir eða um 16 sinnum fleiri en Íslendingar. Svíar eru rétt rúmar 10 milljónir eða 27 sinnum fleiri en Íslendingar. Hjá þessum mannmörgu frændþjóðum Íslendinga hafa myndast samfélög öfgahyggju sem ekki er til að dreifa á Íslandi svo vitað sé.

Með fyrirvara um ákveðinn þekkingarrest vegna ónógrar frumkvæðislöggæslu er það staðreynd að íslenska lögreglan hefur ekki staðfestar upplýsingar um að hér á landi hafi myndast samfélög eða hópar sem aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju né heldur eru upplýsingar fyrirbyggjandi hjá lögreglu um hópa sem hafi bæði ásetning og getu til að vinna hryðjuverk hér á landi. Með þessu er þó ekki sagt að útilokað sé að unnið verði hryðjuverk á Íslandi því líkt og fram hefur komið er það ógjörningur í opnu og lýðræðislegu samfélagi að koma í veg fyrir handahófskenndar árásir einstaklinga sem af einhverjum sökum hatast við samfélagið eða samborgara sína. Hins vegar eru líkur á að slíkar árásir falli undir ákvæði um hryðjuverk taldar litlar.

107 CPI 2020: Western Europe & European Union - News - Transparency.org



Ríkislögreglustjóri